


# Umhverfismatsskýrsla

Umhverfismat tillögu svæðisráðs að  
strandsvæðisskipulagi Austfjarða



**Austfirðir**  
STRANDSVÆÐIS-  
SKIPULAG



**Unnið af:**

VSÓ Ráðgjöf  
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

[www.vso.is](http://www.vso.is)

**Unnið fyrir:**

Skipulagsstofnun og Svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulags á  
Austfjörðum

# Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Aðferðafræði.....	4
3. Umhverfismat tillögu að strandsvæðaskipulagi.....	8
Viðauki 1: Sviðsmyndagreining .....	21
Viðauki 2: Valkostagreining.....	24

# 1. Inngangur

Við mótun strandsvæðisskipulags er umhverfismati beitt til að tryggja að skipulagið stuðli að sjálfbærri þróun og dragi úr neikvæðum áhrifum þess á umhverfið. Umhverfismatið var unnið samhliða vinnu við gerð strandsvæðaskipulags og skipt í þrjú þrep. Þannig eru niðurstöður umhverfismats fléttaðar inn í vinnu við mótun strandsvæðaskipulagsins.

<b>SVIÐSMYNDAGREINING</b>	Sviðsmyndir voru settar fram snemma í ferlinu til að meta áhrif ákveðinna atvinnugreina á svæðinu. Áhrif sviðmyndanna voru metin með hliðsjón af umhverfisviðmiðum. Ekki var valin tiltekin sviðsmynd heldur unnið með þætti sem fram komu í umræðum og niðurstöðum.
<b>VALKOSTAGREINING</b>	Valkostir á tilteknum svæðum voru bornir saman og metið hvernig þeir hafa áhrif á umhverfisþætti. Umhverfismatið var innlegg í ákvörðun um afmörkun nýtingarsvæða.
<b>STEFNUSKJAL OG SKIPULAGSÁKVÆÐI</b>	Umhverfismat stefnuskjals og skipulagsákvæða var unnið samhliða vinnu við lokadrög að strandsvæðaskipulagi.

# 2. Aðferðafræði














## UMHVERFISVIÐMIÐ OG -VÍSAR

Í umhverfismati tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða hafa verið skilgreind umhverfisviðmið sem byggja á markmiðum laga og stefnu stjórnvalda um nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum, ásamt Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Umhverfisviðmiðin eru sett fram undir átta umhverfisþáttum út frá því hvað helst er talið verða fyrir áhrifum af stefnu strandsvæðisskipulags. Þeir eru auðlindir, atvinna, innviðir, heilbrigði og öryggi, menningarminjar, strandsjór, umhverfi og náttúra og loftslag. Umhverfisviðmiðin lýsa æskilegri þróun eða árangri með tilliti til sjálfbærni, nýtingar auðlinda og verndar náttúru- og menningarminja. Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort strandsvæðisskipulagið styður eða gengur gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér.

Umhverfismatið er unnið samkvæmt skipulagslýsingu sem birt var í maí 2020. Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- Umhverfisþáttur auðlindir í skipulagslýsingu skiptist í tvo þætti; auðlindir og atvinna
- Heimsmarkmið 6 og 14 bætast við umhverfisþátt auðlindir
- Umhverfisvísir „ástand strandsjávar“ er felldur út í umhverfisþætti Heilbrigði og öryggi.
- Í dálk „Umhverfisviðmið“ er bætt við tilvísunum í lög og stefnumótandi skjöl sem unnið var með í umhverfismati.

**Tafla 2.1 Umhverfispáttir, umhverfisviðmið og umhverfisvísar**

	Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið	Umhverfisvísar
  	Auðlindir	<p>Sjálfbær og fjölbreytt nýting auðlinda strandsvæða sem byggir á vistkerfisnálgun.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Lög um skipulag haf-og strandsvæða</i></li> <li>- <i>Landsskipulagsstefna 2015-2026</i></li> <li>- <i>Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024</i></li> <li>- <i>Orkustefna 2050</i></li> </ul>	<p>Eldi og ræktun</p> <p>Efnistaka og haugsetning</p> <p>Hlunnindanýting</p> <p>Ferðaþjónusta</p> <p>Orkuvinnsla</p>
	Atvinna	<p>Viðvarandi sjálfbær hagvöxtur og arðbær og mannþægandi atvinnutækifæri. Áhersla á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Lög um skipulag haf-og strandsvæða</i></li> <li>- <i>Landsskipulagsstefna 2015-2026</i></li> <li>- <i>Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024</i></li> <li>- <i>Sóknaráætlun Austurlands</i></li> </ul>	<p>Efnahags- og atvinnuþróun</p> <p>Íbúaþróun</p>
  	Innviðir	<p>Traustir innviðir, samgöngur og fjarskipti og tryggt aðgengi að orku.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Landsskipulagsstefna 2015-2026</i></li> <li>- <i>Samgönguáætlun 2019-2033,</i></li> <li>- <i>Stefna í fjarskiptum 2019-2033</i></li> <li>- <i>Orkustefna 2050</i></li> </ul>	<p>Umferð og samgöngur</p> <p>Hafnir</p> <p>Fjarskipti</p> <p>Flutningskerfi raforku</p> <p>Orka</p>
	Heilbrigði og öryggi	<p>Heilnæmt umhverfi og góð tækifæri til útivistar.</p> <p>Viðnámsþróttur samfélagsins gagnvart náttúruvá.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Landsskipulagsstefnu 2015-2026</i></li> <li>- <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir</i></li> <li>- <i>Lög um náttúruvernd</i></li> <li>- <i>Lög um skipulag haf-og strandsvæða</i></li> <li>- <i>Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda</i></li> <li>- <i>Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum</i></li> </ul>	<p>Útivist og afþreying</p> <p>Fráveita</p> <p>Loftgæði</p> <p>Haf- og lagnaðaris</p> <p>Náttúruvá</p>
	Menningarminjar	<p>Varðveisla minja um búsetu og athafnir á svæðinu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Lög um menningarminjar</i></li> </ul>	<p>Friðaðar og friðlýstar fornleifar</p> <p>Skipsflök á hafsbotni</p>
 	Strandsjór	<p>Verndun vatns sem felst m.a. í góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi strandsjávar og endurheimt vistkerfa strandsjávar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Lög um stjórn vatnamála</i></li> </ul>	<p>Vatnsvernd og staða strandsjávarhlota</p> <p>Fráveita</p> <p>Mengandi starfsemi</p> <p>Efnistaka og haugsetning</p>
	Umhverfi og náttúra	<p>Verndun náttúru svæðisins sem felst m.a. í að viðhalda fjölbreytni villtra dýrastofna, mikilvægum búsvæðum, líffræðilegum fjölbreytileika og fjölbreytni landslags og jarðmyndana.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Lög um náttúruvernd</i></li> <li>- <i>Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum</i></li> </ul>	<p>Vistgerðir, mikilvæg fuglasvæði, selalátur og búsvæðis dýra sem njóta verndar</p> <p>Verndarsvæði og hverfisvernd</p>



Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi og tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga á umhverfi og samfélag.

- Ríkisstjórnarsáttmáli
- Lög um loftslagsmál
- Lög um skipulag haf-og strandsvæða
- Stefna stjórnvalda um aðlögun að loftslagsbreytingum
- Aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum

Hækkun sjávarborðs

Breytingar á ástandi sjávar

Losun gróðurhúsalofttegunda

Ofanflóðahætta

## VÆGISEINKUNNIR

Í umhverfismati strandsvæðisskipulags Austfjarða eru notaðar fjórar vægiseinkunnir við mat á umhverfisáhrifum.



### Jákvæð áhrif

ef markmið í strandsvæðisskipulagi styður viðkomandi umhverfisviðmið.



### Óveruleg áhrif

ef markmið í strandsvæðisskipulagi hefur engin eða lítil áhrif á viðkomandi umhverfisviðmið.



### Neikvæð áhrif

ef markmið í strandsvæðisskipulagi vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.



### Óviss áhrif

ef óvíst er eða háð útfærslu hvort markmið í strandsvæðisskipulagi styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

## VINNSLA OG FRAMSETNING UMHVERFISMATS

### Sviðsmyndir

Í vinnu við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum voru settar fram þrjár sviðsmyndir sem fela í sér lýsingu á svæðunum í framtíðinni, en eru hvorki spá né áætlun um hvernig nýting og vernd svæðanna þróast til framtíðar. Sviðsmyndunum var ætlað að vera grundvöllur fyrir umræðu í svæðisráðum um mótun stefnu strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og gefa kost á að greina og ræða áhrif ólíkra ákvarðana um nýtingu svæðisins á framtíðarþróun þess. Hver sviðsmynd gengur út frá því að tiltekin tegund atvinnugreina eða drifkraftur hafi ráðandi áhrif á þróun nýtingar og verndar svæðanna.

Lagt var mat á samfélagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg áhrif sviðsmynda til þess að greina og ræða áhrif ólíkra ákvarðana um nýtingu svæðanna á framtíðarþróun þeirra. Mat á áhrifum hvernar sviðsmyndar var fyrsti áfangi umhverfismats svæðisskipulagsvinnunnar og var nýtt við áframhaldandi vinnu við útfærslu tillögunnar. Með umræðu um möguleg áhrif ólíkra drifkrafta í upphafi vinnunnar var umhverfismat strandsvæðisskipulags samþætt og tvinnuð inn í vinnu við mótun skipulagsins.

Sviðsmyndirnar þrjár eru eftirfarandi og nánari lýsing á þeim er á **Error! Reference source not found.**

**Sporðaköst um allan fjörð**, þar sem sjókvíaelði og orkuvinnsla á hafi eru í forgrunni.

**Lífið er saltfiskur**, þar sem sjávarútvegur, efnistaka og aðrar nytjar eru í forgrunni.

**Ströndin handan við heiminn**, þar sem náttúruvernd og náttúrutengd ferðaþjónusta eru ráðandi.

Helstu viðfangsefni strandsvæðisskipulags voru skoðuð í samhengi við hverja af sviðsmyndunum þremur. Viðfangsefnin eru samgöngur á sjó, ferðaþjónusta, orkuvinnsla, fiskeldi, veiðar, önnur nýting, náttúruvernd og atvinna.

Rauði þráðurinn í greiningu sviðsmynda er að samfélag og byggð eru kjarninn sem allt hverfist um. Í grunninn er mikilvægast að viðhalda byggð og til að samfélagið geti blómstað þarf atvinnusköpun. Ef áhersla er á afmarkaða drifkrafta og eina atvinnugrein þá er hættu á að gengið verði á náttúruleg gæði og tækifæri tapast á öðrum sviðum. Fjölbreytni er lykill að árangri og hagsæld samfélagsins. Jafnvægi þarf að vera á milli nýtingar auðlinda og verndar náttúru, þannig að ekki sé gengið á þolmörk svæða eða gæði sjávar. Viðhald hefðbundinna atvinnugreina byggir á sögu og menningu samfélagsins. Nýjar atvinnugreinar geta rennt styrkari stöðum undir samfélagið, aukið fjölbreytnina og stuðlað að jafnara framboði af störfum allt árið. Svigrúm þarf að vera fyrir nýsköpun og aðlögun að breyttum aðstæðum, bæði samfélagslegum aðstæðum og náttúrulegum breytingum sem vænta má m.a. vegna loftslagsbreytinga. Þannig er viðnámsþróttur samfélagsins styrktur.

### Valkostagreining

Tilgangur valkostagreiningar er að bera saman mismunandi möguleika á nýtingu og vernd á hverju svæði, hvaða styrkleikar og áskoranir eru til staðar á svæðinu. Valkostum um mismunandi útfærslu nýtingar og verndar er stillt upp þar sem raunhæfar forsendur eru fyrir mismunandi útfærslu með tilliti til núverandi nýtingar og verndarhagsmuna sem eru til staðar á afmörkuðum svæðum. Lagt er mat á áhrif valkostanna sem er nýtt við útfærslu á tillögu strandsvæðisskipulags á Austfjörðum með það að markmiði að styðja sem best við þau markmið sem sett eru fram í skipulaginu. Valkostir eru bornir saman við sömu umhverfisþætti og eru til grundvallar umhverfismati á tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða.




Tveir til þrjú valkostir voru til skoðunar á hverju svæði fyrir sig. Í valkostum felast m.a. mismunandi útfærsla á svæðum til staðbundinnar nýtingar, svæðum sem ætluð eru til verndar umhverfis og náttúru svæðisins og útfærslu á svæðum til siglinga. Í viðauka er fjallað um greiningu valkosta og gerð er grein fyrir niðurstöðum á mati þeirra.

### 3. Umhverfismat tillögu að strandsvæðaskipulagi

Metin hafa verið umhverfisáhrif skipulagstillögu strandsvæðaskipulags Austfjarða á umhverfisþætti með hliðsjón af umhverfisviðmiðum og -vísnum sem settir eru fram í töflu 2.1.

Samantekt niðurstöðu umhverfismats tillögu að strandsvæðaskipulagi er í **Tafla 3.1**. Nánari umfjöllun um hvern umhverfisþátt er í köflunum hér á eftir.

**Tafla 3.1 Samantekt á áhrifum tillögu að Strandsvæðisskipulagi Austfjarða**

Umhverfisþættir	Helstu umhverfisáhrif	Vægiseinkunn
Auðlindir	<p>Í skipulaginu er gert ráð fyrir aukinni staðbundinni nýtingu á afmörkuðum svæðum sem veldur álagi á auðlindir. Nýtingin verði í samræmi við útgefin leyfi. Vægiseinkunn, óveruleg áhrif, tekur mið af því að ákvarðanir um nýtingu byggja á vistkerfisnálgun, t.d. er burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar grunnur fyrir leyfum til fiskeldis á burðarþolsmati, taka tillit til verndarsvæða, lífríkis og annarra takmarkana sem fyrir eru. Skipulagstillagan er í samræmi við umhverfisviðmið með því að nýta auðlindir á sjálfbæran og fjölbreyttan hátt með vistkerfisnálgun.</p> <p>Gæta þarf að samlegðaráhrifum og hugsanlegum árekstrum milli nýtingarflokka, sérstaklega þar sem þeir liggja þétt saman. Einnig þarf að huga að samlegðaráhrifum við starfsemi á landi.</p>	 Óveruleg áhrif
Atvinna	<p>Tillagan styður við núverandi atvinnu á svæðinu og veitir rými fyrir nýsköpun og þróun. Skilgreining nýtingaflokka og skipulagsákvæði þeirra eru þess eðlis að sveigjanleiki er gefinn varðandi aðra nýtingu, þó tiltekinn nýtingaflokkur hafi forgang. Skipulagstillagan er í samræmi við umhverfisviðmið með því að stuðla að efnahags- og atvinnuþróun og fjölbreyttum atvinnutækifærum.</p> <p>Stefna skipulags gefur sveigjanleika og tækifæri til að þróa og aðlaga samfélagið að breyttum aðstæðum og styður þannig einnig við viðnámsþrótt samfélagsins. Einnig er stutt við framleiðslu á staðbundnum framleiðsluvörum með því að afmarka nýtingasvæði.</p>	 Jákvæð áhrif
Innviðir	<p>Tillagan afmarkar reiti til siglinga og tryggir þannig örugga aðkomu að höfnun en útilokar ekki siglingar utan þeirra og er í samræmi við umhverfisviðmið með því að festa í sessi svæði fyrir mikilvæga innviði á svæðinu.</p> <p>Afmörkun reita fyrir raf- og fjarskiptastrengi þar sem starfsemi sem hefur áhrif á öryggi strengja er takmörkuð, stuðlar að afhendingaröryggi rafmagns og öryggi fjarskipta í landshlutanum. Afmarkaðir eru reitir um vegi þar sem þeir þvera firði og víkur og tryggir þannig að starfsemi á strandsvæðum hafi ekki áhrif á þá.</p> <p>Önnur nýting er að einhverju leyti heimil yfir strengjum, en gæta þarf að mannvirkjum og starfsemi sem krefst botnfestu.</p>	 Jákvæð áhrif



## Heilbrigði og öryggi

Tillagan styður við tækifæri til útivistar og stuðlar að heilbrigðu umhverfi. Lögð er fram stefna sem skilur á milli starfsemi sem getur valdið álagi á strandsjó og annarrar nýtingar. Skipulagstillagan er í samræmi við umhverfiviðmið því tekið er mið af tækifærum til útivistar og huga að viðnámsþrótt við náttúruvá.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um náttúruvá á strandsvæðum. Við afmörkun ákveðinna nýtingarflokka hefur verið tekið mið af fyrirbyggjandi upplýsingum um náttúruvá. Til að tryggja öryggi og draga úr óvissu er lagt til að í ákvörðunum um staðsetningu innviða og starfsemi skuli metin hættu á afleiðingum ofanflóða, lagnaðaríss og annarrar náttúruvár, þar með talinni mögulegri hættu á slysasleppingum vegna ofanflóða.



Jákvæð áhrif

## Menningarminjar

Takmarkaðar upplýsingar eru um neðansjávar minjar og því óvissa um áhrif tillögunnar á menningarminjar.

Þegar þekkingin verður meiri getur það haft áhrif á afmörkun svæða og skipulagsákvæða.

Áður en teknar eru ákvarðanir um staðsetningu innviða og starfsemi þarf að liggja fyrir skráning fornleifa.



Óviss áhrif

## Strandsjór

Staðbundin nýting er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á gæði strandsjávar. Telja má líklegast að áhrif verði þar sem firðir eru þröngir og á svæðum þar sem vatnsskipti eru hægari.

Vægiséinkunn, óviss áhrif tekur mið af því að gögn um ástand vatnshlota eru takmörkuð. Einnig er tekið mið af því að ákvarðanir um nýtingu auðlinda byggja á burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar sem byggir á vistkerfisnálgun. Vöktun atvinnustarfsemi getur gefið vísbendingar um að grípa þurfi til aðgerða varðandi umfang, staðsetningu eða starfsemi sem áhrif hefur á gæði strandsjávar. Fylgja þarf eftir niðurstöðum vöktunar og grípa til aðgerða ef ástand sjávar hnignar. Skipulagstillagan er í samræmi við umhverfisviðmið því vistkerfisnálgun, rannsóknir á burðarþoli og skilyrði sem sett eru við leyfisveitingar taka mið af því að halda góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi strandsjávar.

Mengandi starfsemi getur valdið álagi á strandsjó og áhætta er til staðar vegna olíu notkunar, m.a. á skipum sem fara um svæðið vegna atvinnustarfsemi eins og fiskeldi og ferðaþjónustu. Í starfsleyfum fyrirtækja þarf að gera kröfu um mengunarvarnir og forvarnarstarf.

Tryggja þarf að leyfi til atvinnustarfsemi taki mið af burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar. Horfa þarf til samlegðaráhrifa með atvinnustarfsemi á landi vegna álags á strandsjó.



Óviss áhrif

## Umhverfi og náttúra

Í skipulaginu eru afmarkaðir reitir í nýtingarflokk umhverfi og náttúra með skipulagsákvæðum sem draga úr líkum á raski á náttúru. Reitir eru oftast afmarkaðir í tengslum við mikilvæg fuglasvæði, vistgerðir sem njóta verndar, friðlýst svæði og í tengslum við svæði á landi sem njóta verndar eða þykja verðmæt vegna landslags. Þannig styður tillagan við umhverfisviðmið um vernd náttúru svæðisins ásamt því að stuðla að samlegð við nýtingu á landi. Þar sem reitir í nýtingarflokki staðbundin nýting eru nærri reitum í nýtingarflokki umhverfi og náttúra þarf að gæta að því að mannvirki og starfsemi valdi ekki truflunum eða neikvæðum áhrifum á náttúru og umhverfi.

Umsvif manna geta haft neikvæð áhrif á vistkerfi sjávar, búsvæði dýra og fugla sem fara um strandsvæðið. Horfa þarf sérstaklega til þessa við leyfisveitingar fyrir starfsemi á svæðinu og í leiðbeiningum um umgengni.

Á næstu stigum, við útfærslu á vöktun á svæðinu, þarf að huga að hvort ferðaþjónusta eða önnur starfsemi gangi á þolmörk svæðis og lífríki þess.



Jákvæð áhrif

---

## Loftslag

Loftslagsbreytingar kunna að auka tíðni á ofanflóðum sem huga þarf að við útfærslu á skipulaginu og staðsetningu mannvirkja. Hækkun sjávarhita og sjávarborðs kann að hafa áhrif á vistkerfið sem fylgjast þarf með í gegnum skipulega vöktun.

Áhersla á orkuskipti á starfsemi á hafi getur lágmarkað beina losun gróðurhúsalofttegunda frá strandsvæðum, sem dregur úr áhrifum starfseminnar á loftslag og stutt þannig við umhverfisviðmið um samdrátt í losun.

Möguleiki til kolefnisbindingar felst í því að vernda gróskumikil vistkerfi á grunnsævi eins og þaraskóga.

Í ljósi óvissu langtímaáhrifa loftslagsbreytinga á starfsemi og einnig varðandi samspil umhverfisáhrifa starfsemi og loftslagsbreytinga, eru umhverfisáhrifin metin óviss.

---



Óviss áhrif

### 3.1. AUÐLINDIR

#### Umhverfisviðmið

Sjálfbær og fjölbreytt nýting auðlinda strandsvæða sem byggir á vistkerfisnálgun og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.

0

Óveruleg áhrif

Tafla 3.2 Mat á áhrifum stefnu á umhverfisþáttinn auðlindir

Umhverfisvísar	Umhverfisáhrif
Eldi og ræktun	<p>Leyfi til fiskeldis og umsóknir um leyfi til fiskeldis eru innan reita í nýtingarflokknum staðbundin nýting. Leyfisveitingar til fiskeldis byggja á burðarþolsmati og áhættumati Hafrannsóknarstofnunar, umhverfismati og takmörkunum á svæðinu. Ákvarðanir um leyfisveitingar til fiskeldis eru þannig byggðar á vistkerfisnálgun. Fyrirséð er að fiskeldi fylgi aukið lífrænt álag þeim á svæðum sem nýtt eru fyrir eldi sem kann að hafa neikvæð áhrif á ástand auðlinda s.s. botndýralíf, þörungum og ástand sjávar. Við ákvörðun um umfang nýtingar skal stuðla að því að ástand auðlinda haldist stöðugt eða batni.</p> <p>Stefna skipulagsins er að nýting strandsvæða Austfjarða byggji á vistkerfisnálgun og er það líklegt til að stuðla að óverulegum áhrifum á auðlindir miðað við óbreytt ástand.</p> <p>Mat á burðarþoli liggur fyrir í Seyðisfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Berufirði og eru þar skilgreindir reitir til staðbundinnar nýtingar. Í Mjóafirði er gert ráð fyrir reiti fyrir staðbundna nýtingu en ekki liggur fyrir burðarþolsmat sem þarf að liggja fyrir áður en leyfi er veitt.</p> <p>Vöktun á ástandi auðlinda getur leitt til þess að breytingar verði á umfang eldis og ræktunar, sem er til þess að tryggja að a.m.k. óbreytt ástand auðlinda.</p> <p>Þar sem svæðin liggja að annarri nýtingu þarf að gæta sérstaklega að samlegðaráhrifum og hugsanlegum árekstrum í leyfisveitingum og vöktunaráætlunum. Einnig þarf að huga að samlegðaráhrifum með starfsemi á landi.</p>
Efnistaka	<p>Leyfi er til efnistöku er á einum stað en rannsóknir vegna efnistöku hafa verið stundaðar á nokkrum stöðum á skipulagssvæðinu. Leyfi til efnistöku eru afmörkuð sem staðbundin nýting á uppdrætti. Efnistaka er mikilvæg fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar, innviða og atvinnuþróunar.</p> <p>Umhverfisáhrif eru líkleg til að vera staðbundin og tímabundin, einkum grugg og breyting á sjávarbotni. Í einhverjum tilvikum er efnistaka það umfangsmikil að mat á umhverfisáhrifum fer fram og sérstök ákvæði eru um starfsemina.</p> <p>Ef efnistökusvæði liggja að annarri nýtingu eða við verndarsvæði á landi þarf að gæta sérstaklega að samlegðaráhrifum og hugsanlegum árekstrum í leyfisveitingum og vöktunaráætlunum.</p>
Hlunnindanýting	<p>Við skipulagsvinnuna var horft til hlunnindanýtingar þar sem upplýsingar um það liggja fyrir, t.d. æðarvarp. Tillagan tryggir að rými sé fyrir fjölbreytta nýtingu auðlinda, hvort sem hún er leyfisskyld eða ekki. Gæta þarf sérstaklega að samlegðaráhrifum og hugsanlegum árekstrum í leyfisveitingum og vöktunaráætlunum, t.d. fyrir æðarvarp.</p>
Ferðaþjónusta	<p>Tillagan gerir ráð fyrir að ferðaþjónusta geti farið fram á flestum skipulagsreitum ef ekki er þörf á að setja upp fastan búnað. Ákvæði skipulagsreita í nýtingarflokknum umhverfi og náttúra geta þó haft takmarkandi áhrif á umfang ferðaþjónustu.</p> <p>Tillagan styrkir verndarsvæði á landi með því að skilgreina reiti nærri þeim í nýtingarflokknum umhverfi og náttúra og styrkir þannig vernd á vinsælum ferðasvæðum</p>

---

sem styður við upplifun ferðamanna á lítt snortnum svæðum. Dæmi um þetta eru Víknaslóðir þar sem er vinsæl gönguleið.

---

Orkuvinnsla

Engir reitir eru afmarkaðir fyrir orkuvinnslu. Svæði til orkunýtingar hafa ekki verið skilgreind í þessum landshluta

---

## 3.2. ATVINNA

### Umhverfisviðmið

Sjálfbær og fjölbreytt nýting auðlinda strandsvæða sem byggir á vistkerfisnálgun og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.



Jákvæð áhrif

**Tafla 3.3 Mat á áhrifum stefnu á umhverfisþáttinn atvinna**

Umhverfisvísar	Umhverfisáhrif
Efnahags- og atvinnuþróun	<p>Tillagan veitir rými til að þróa atvinnuuppbyggingu á strandsvæðum og tryggir til staðar séu svæði til umráða fyrir ólíkar atvinnugreinar. Svigrúm er fyrir núverandi atvinnustarfsemi og tillagan gefur tækifæri til að þróa hana áfram. Sérstaklega er horft til eldis, ræktunar, efnistöku, veiða og ferðaþjónustu. Við veitingu leyfa fyrir atvinnustarfsemi þarf að huga að samlegðaráhrifum, mögulegum árekstrum milli atvinnugreina og beita vistkerfisnálgun.</p> <p>Nýtingarflokkar strandsvæðisskipulags veita ákveðin sveigjanleika í nýtingu reita, sérstaklega nýtingarflokkurinn almenn nýting. Það er til þess fallið að veita tækifæri til að þróa og aðlaga atvinnustarfsemi og samfélagið að breytingum sem kunna verða á aðstæðum og styður við viðnámsþrótt samfélagsins.</p>
Íbúaðróun	<p>Með því að stuðla að fjölbreyttri starfsemi á strandsvæðum má búast við fjölbreyttu atvinnulífi sem stuðlar að jákvæðri byggðaðróun. Skýr stefna um nýtingu og vernd strandsvæða stuðlar einnig að stöðuleika og jafnvægi í starfsemi sem fram fer á strandsvæðum. Tillagan tekur tilliti til staðbundinnar menningar og framleiðsluvörur og getur rennt styrkari stoðum undir framleiðslu á staðbundnum framleiðsluvörum með því að afmarka nýtingasvæði.</p>

### 3.3. INNVIÐIR

#### Umhverfisviðmið

Traustir innviðir, samgöngur og fjarskipti og tryggt aðgengi að orku.



Jákvæð áhrif

**Tafla 3.4 Mat á áhrifum stefnu á umhverfisþáttinn innviði**

Umhverfisvísar	Umhverfisáhrif
Umferð og samgöngur	<p>Afmarkaðir eru reitir til siglinga sem tryggir örugga og greiða aðkomu til og frá höfnum. Tillagan útilokar ekki siglingar utan skilgreinda reita fyrir siglingar með þeim takmörkunum sem þar kunna að gilda samkvæmt skipulagsákvæðum á viðkomandi reit.</p> <p>Á ákveðnum stöðum eru afmarkaðir reitir til siglinga þröngir, t.d. þar sem firðir eru þröngir og nýting fyrirhuguð eða til staðar. Þar sem önnur nýting liggur nálægt siglingaleið er í tillögunni tryggt að siglingar hafa forgang. Taka þarf tillit til öryggis siglinga og sýnileika siglingamerkja við mannvirkjagerð. Dæmi um þetta eru innsiglingar í Reyðarfirði og Seyðisfirði.</p>
Hafnir	<p>Tillagan tryggir reiti fyrir siglingar að öllum höfnum landshlutans. Gæta skal að sýnileika siglingamerkja og dýpt svæða. Afmarkaðar leiðir að höfnum tryggja ekki aðkomu allra gerða og stærða skipa.</p> <p>Í Seyðisfirði er umferð stórra skipa og ferjunnar Norrænu, fjörðurinn er þröngur og reitur fyrir siglingar er nálægt staðbundinni nýtingu. Tryggja þarf öryggi siglingaleiða á svæðinu s.s. með afmörkun reita, merkingum og hafleiðsögu.</p>
Fjarskipti	<p>Tillagan tryggir öryggi fjarskipta með því að afmarka reiti fyrir fjarskiptastrengi og nágrenni þeirra í nýtingarlokkinn lagnir og vegir. Önnur nýting er að einhverju leiti heimil yfir fjarskiptastrengjum, en gæta þarf að mannvirkjum og starfsemi sem krefst botnfestu.</p> <p>Afmörkunin tekur til núverandi fjarskiptastrengja, mögulegra viðbóta og fjarskiptasamband við meginland Evrópu með Farice 1 í Seyðisfirði.</p>
Flutningskerfi raforku	<p>Tillagan tryggir öryggi flutnings raforku og uppbyggingu hringtengingar raforku um landshlutann með því skilgreina raforkustrengi og nágrenni þeirra í nýtingarlokkinn lagnir og vegir. Afmörkunin nær til núverandi raforkuflutningsstrengja og þeirra áætlana sem fyrir liggja.</p> <p>Á þeim reitum er starfsemi sem hefur áhrif á öryggi strengja takmörkuð. Önnur nýting er að einhverju leyti heimil yfir raforkustrengjum, en gæta þarf að mannvirkjum og starfsemi sem krefst botnfestu</p>
Orka	<p>Reitir til orkunýtingar hafa ekki verið skilgreindir í þessum landshluta, engin rannsóknarsvæði eru skráð.</p>

### 3.4. HEILBRIGÐI OG ÖRYGGI

#### Umhverfisviðmið

Heilnæmt umhverfi og góð tækifæri til útivistar.  
Viðnámsþróttur samfélagsins gagnvart náttúruvá.



Jákvæð áhrif

**Tafla 3.5** Mat á áhrifum stefnu á umhverfisþáttinn heilbrigði og öryggi

Umhverfisvísar	Umhverfisáhrif
Útivist og afþreying	Aðgengi að útivistarsvæðum er til umfjöllunar í tillögunni, í tengslum við reiti meðfram náttúruverndar- og útivistarsvæðum á landi, sem eru skilgreindir í nýtingarflokk umhverfi og náttúra í tillögunni. Þannig er stuðlað góðum tækifærum til útivistar og ferðaþjónustu á strandsvæðum.. Dæmi um þetta eru Loðmundarfjörður, Almenningsfles og Víknaslóðir, þar sem útivistargildi er fest í sessi með skilgreiningu reita í nýtingarflokk umhverfi og náttúra.
Fráveita	Fráveita veldur álagi á strandsjó. Þar sem leyfi er fyrir starfsemi á strandsvæðum sem getur einnig valdið álagi, t.d. eldi og ræktun, þarf að huga að samlegðaráhrifum við álag frá starfsemi á landi og fráveitu.
Loftgæði	Núverandi starfsemi á strandsvæðum hefur óveruleg áhrif á loftgæði. Við veitingu leyfa fyrir atvinnustarfsemi þarf að tryggja að starfsemin sé innan marka laga og reglugerða um loftgæði.
Haf- og lagnaðarís	Lítill áhætta er talin vera vegna haf- og lagnaðaríss á skipulagssvæðinu en töluverð óvissa er þó til staðar þar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir. Fylgjast þarf með vöktun á haf- og lagnaðarís og grípa inn í ef aðstæður breytast.
Náttúruvá	Við þéttbýli hefur víða farið fram hættumat á ofanflóðum og er ofanflóðahætta skilgreind á nokkrum svæðum á landi. Slíkt flóð geta m.a. valdið sjávarflóðum. Ekki hefur farið fram mat á náttúruvá á strandsvæðum. Við leyfisveitingar, innviðauppbýggingu og breytingar á skipulagi þarf að meta hættu af ofanflóðum fyrir starfsemi á strandsvæðum.

### 3.5. MENNINGARMINJAR

#### Umhverfisviðmið

Varðveisla minja um búsetu og athafnir á svæðinu.

0

Óveruleg áhrif

**Tafla 3.6** Mat á áhrifum stefnu á umhverfisþáttinn menningarminjar

Umhverfisvísar	Umhverfisáhrif
Friðaðar og friðlýstar fornleifar	Í tillögu að strandsvæðaskipulagi er áhersla lögð á vernd sérkenni á strandsvæðum Austfjarða með því m.a. að vernda og varðveita menningarminjar. Takmarkaðar upplýsingar eru um neðansjávar minjar á svæðinu en um leið og þekkingin verður meiri getur það haft áhrif á afmörkun svæða og skipulagsákvæða. Rannsókn hefur staðið yfir á neðansjávar minjum við Ísland síðan 2010 og er markmið hennar meðal annars að fá yfirlit yfir fjölda, eðli og ástand neðansjávar minja við landið. Óvissa er því um umfang áhrifa tillögunnar á fornleifar. Enginn má raska, breyta eða flytja fornleifar úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.
Skipsflök á hafsbotni	Á botni Seyðisfirði liggur flak El Grillo, 10 þúsund lesta breskt olíubirgðaskip sem þrjár þýskar herflugvélar sökkту þann 10. febrúar 1944.



### 3.6. STRANDSJÓR

#### Umhverfisviðmið

Verndun vatns sem felst m.a. í góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi strandsjávar og endurheimt vistkerfa strandsjávar.



Óviss áhrif

Tafla 3.7 Mat á áhrifum stefnu á umhverfisþáttinn strandsjó

Umhverfisvísar	Umhverfisáhrif
Vatnsvernd og staða strandsjavarhlota	<p>Staðbundin nýting er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á gæði strandsjávar. Áhrif eldis á strandsjó eru skoðuð sérstaklega í burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar sem tekur mið af álagi af lífmassa og getu svæðis sem viðtaka. Við leyfisveitingar staðbundinnar nýtingar skal taka tillit til takmarkana sem fram koma í burðarþolsmati og skilgreina vöktun á ástandi sjávar.</p> <p>Vægiseinkunn umhverfismats, óviss áhrif tekur mið af því að gögn um ástand vatnshlota eru takmörkuð. Einnig er tekið mið af því að ákvarðanir um nýtingu auðlinda byggja á vistkerfisnálgun og burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar.</p> <p>Vöktun á ástandi sjávar og lífríki getur gefið vísbendingar um að grípa þurfi til aðgerða varðandi umfang, staðsetningu eða aðferðir við eldi, efnistöku eða aðra nýtingu auðlinda sem kann að hafa neikvæð áhrif á gæði strandsjávar. Horfa þarf til samlegðaráhrifa starfseminnar við álag frá starfsemi á landi einkum þar sem firðir eru þröngir og á svæðum þar sem vatnsskipti eru hægari.</p> <p>Fyrirliggjandi burðarþolsmat fyrir Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð er ekki fullnýtt, auk þess liggur fyrir burðarþolsmat fyrir Berufjörð, Seyðisfjörð og Stöðvarfjörð og búast má við auknu álagi á þeim svæðum.</p> <p>Þegar fyrir liggur niðurstaða um ástand strandsjavarhlota, sem Umhverfisstofnun vinnur að, getur það gefið tilefni til að grípa til mótvægisáðgerða og mótun skilyrða í leyfum fyrir starfsemi.</p>
Fráveita	<p>Fráveita veldur álagi á strandsjó. Þar sem leyfi er fyrir starfsemi á strandsvæðum sem getur einnig valdið álagi, t.d. eldi og ræktun, þarf að huga að samlegðaráhrifum við álag frá starfsemi á landi og fráveitu.</p>
Mengandi starfsemi	<p>Mengandi starfsemi getur valdið álagi á strandsjó og áhætta er til staðar vegna olíu notkunar, m.a. á skipum sem fara um svæðið vegna atvinnustarfsemi eins og fiskeldi og ferðaþjónustu. Í starfsleyfum fyrirtækja þarf að gera kröfu um mengunarvarnir og forvarnarstarf.</p> <p>Mengandi starfsemi getur valdið álagi á strandsjó og áhætta er til staðar vegna olíu notkunar og efnanotkunar, s.s. ásætuvarnir, þvottaefni og lyf. Í starfsleyfum fyrirtækja þarf að gera kröfu um mengunarvarnir og forvarnarstarf og líta þarf til þess að vakta áhrif efnanotkunar. Starfseminni getur einnig fylgt efnanotkun, t.d. ásætuvarnir og þvottaefni. Lyf sem notuð eru í eldi geta haft neikvæð áhrif á lífríki, s.s. krabbadýr sem fyrir eru á svæðinu. Líta þarf til þess að vakta áhrif efnanotkunar.</p> <p>Huga þarf að samlegðaráhrifum þar sem nálægð er við mengandi starfsemi í landi með starfsemi á strandsvæðum sem veldur álagi, t.d. eldi og ræktun. Við leyfisveitingar þarf að horfa til samlegðaráhrifa.</p> <p>Huga þarf að samlegðaráhrifum þar sem nálægð er við mengandi starfsemi í landi með starfsemi á strandsvæðum sem veldur álagi, t.d. eldi og ræktun. Við leyfisveitingar þarf að horfa til samlegðaráhrifa.</p>

### 3.7. UMHVERFI OG NÁTTÚRA

#### Umhverfisviðmið

Verndun náttúru svæðisins sem felst m.a. í að viðhalda fjölbreytni villtra dýrastofna, mikilvægum búsvæðum, líffræðilegum fjölbreytileika og fjölbreytni landslags og jarðmyndana.



Jákvæð áhrif

**Tafla 3.8 Mat á áhrifum stefnu á umhverfispáttinn umhverfi og náttúru**

Umhverfisvísar	Umhverfisáhrif
Vistgerðir, mikilvæg fuglasvæði, selalátur og búsvæðis dýra sem njóta verndar	<p>Afmarkaðir eru reitir í nýtingarflokk umhverfi og náttúra þar sem rask vistkerfa er takmarkað. Einkum eru reitir afmarkaðir á núverandi verndarsvæðum á sjó, en líka meðfram svæðum á landi, s.s. mikilvægum fuglasvæðum, svæðum á náttúruuminjaskrá vegna lífríkis og vistgerðum sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Þannig er tillagan líkleg til að styðja við vernd vistgerða og lífríkis á svæðinu sem heild sem og að líffræðilegum fjölbreytileika sé viðhaldið. Dæmi um þetta er Gerpissvæði og Álftafjörður.</p> <p>Á nokkrum stöðum eru innviðir innan svæða sem njóta verndar vegna lífríkis og er áhætta til staðar að mannvirki, umferð eða ónæði vegna framkvæmda valdi staðbundnum neikvæðum áhrifum. Tryggja þarf að tekið sé mið af þessum þáttum við leyfisveitingar. Sama á við þar sem staðbundin nýting er nálægt reitum í nýtingarflokki umhverfi og náttúra. Dæmi um þetta er í Fáskrúðsfirði þar sem staðbundin nýting liggur upp við verndaðar klóþangsfjörur.</p> <p>Þá er viss hætta á að ferðaþjónusta vaxi um of á svæðinu og gangi á þölmörk svæðis og lífríki þess, sem huga þarf að.</p> <p>Umsvif manna geta haft neikvæð áhrif á vistkerfi sjávar, búsvæði dýra og fugla sem fara um strandsvæðið. Horfa þarf sérstaklega til þessa við leyfisveitinga fyrir starfsemi á svæðinu og í leiðbeiningum um umgengni.</p> <p>Í Berufirði er staðbundin nýting í skipulagstillögunni þar sem tillaga er um að afmarka alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Afmörkun Náttúrufræðistofnunar er óviss og ekki liggur fyrir hvort reitir fyrir staðbundna nýtingu og reitir fyrir umhverfi og náttúru liggja samhliða. Ákveðin óvissa er því um staðbundin áhrif í Berufirði.</p>
Verndarsvæði og hverfisvernd	<p>Eitt af markmiðum tillögunnar er að áhersla verði lögð á vernd sérkenna og náttúrugæða á strandsvæðum Austfjarða. Afmarkaðir eru reitir sem taka mið af verndargildi náttúru, landslags, sögu og menningar þess. Á þeim reitum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem kynni að hafa neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi. Tillagan er þannig líkleg til að styðja við vernd svæðisins sem heild. Dæmi um þetta er Loðmundarfjörður.</p> <p>Staðbundin nýting er afmörkuð á nokkrum stöðum nálægt verndarsvæðum á landi og sjó sem kann að hafa neikvæð áhrif á landslagsheildir, ásýnd svæðis og upplifun þeirra sem fara um svæðið. Tryggja þarf að hugað sé að þessum þáttum við útfærslu mannvirkja. Þá er einnig viss hætta á að ferðaþjónusta vaxi um of á svæðinu og gangi á þölmörk svæðis og aðdráttarafli þess.</p>

### 3.8. LOFTSLAG

#### Umhverfisviðmið

Dregið hefur verið úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi og tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga á umhverfi og samfélag.




Óviss áhrif


**Tafla 3.9** Mat á áhrifum stefnu á umhverfisþáttinn loftslag

Umhverfisvísar	Umhverfisáhrif
Hækkun sjávarborðs	Í tillögunni kemur fram að spáð er hækkun sjávarborðs en ekki hefur verið kortlagt hvernig það hefur áhrif á einstök svæði eða nýtingu þeirra. Þegar fyrir liggur betra mat á stöðunni getur það haft áhrif á skipulagið. Sama á við um aukna úrkomuákefð. Meta þarf hættu vegna sjávarflóða og aukna úrkomuákefð við úthlutun leyfa til staðbundinnar nýtingar.
Breytingar á ástandi sjávar	Hækkað hitastig sjávar getur valdið breytingum á lífríki og haft áhrif á nýtingu strandsvæða, staðbundna nýtingu og atvinnuveiðar. Vöktun á breytingum og mat á ástandi sjávarhlota getur orðið til þess að ástæða sé til að aðlaga skipulagið eða leyfi atvinnustarfsemi.
Losun gróðurhúsalofttegunda	Núverandi starfsemi losar gróðurhúsalofttegundir einna helst með brennslu eldsneytis á farartækjum. Óbein losun er hins vegar ólík á milli starfseminnar. Með því að leggja áherslu á orkuskipti á hafi má ná árangri á þessu sviði. Huga ætti að losun gróðurhúsalofttegunda frá nýrri starfsemi og í nýsköpunarverkefnum. Möguleiki til kolefnisbindingar felst í því að vernda gróskumikil vistkerfi á grunnsævi eins og þaraskóga.

# Viðaukar umhverfismatsskýrslu



**Austfirðir**  
STRANDSVÆÐIS-  
SKIPULAG



# Viðauki 1: Sviðsmyndagreining

Lýsing á sviðsmyndum sem settar voru fram í sviðsmyndagreiningu.

## Sporðaköst um allan fjörð

Náttúrulegar aðstæður í fjörðum eru ákjósanlegar fyrir **sjókvíaeldi**, og hefur burðarþol svæðisins aukist verulega. Mikið eldi er í öllum fjörðum. Veruleg uppbygging hefur orðið á tengdri starfsemi í landi, svo sem laxasláturhús, vinnsla og nýsköpun. Eftirspurn eftir eldisfiski er mikil á erlendum mörkuðum. Stór fyrirtæki leiða iðnaðinn á svæðinu. Fiskeldi er fjölmennasta atvinnugreinin í aðliggjandi byggðum.

Tækniþróun hefur verið mikil í **nýtingu vindorku** og annarri orkuframleiðslu á sjó. Stór svæði hafa verið skilgreind sem ákjósanleg fyrir vindorkugarða eða aðra orkuframleiðslu. Raforkuflutningskerfið hefur verið styrkt.

**Hefðbundinn sjávarútvegur** hefur dregist talsvert saman inni á fjörðunum og eru helstu veiðisvæði utan þeirra. Fækkað hefur í skipafлотanum, en skip almennt stærri. Minni bátar veiða innan fjarða, þar sem ekki eru eldiskvíar eða svæði fyrir orkunýtingu.

**Ferðaþjónusta** er fjölbreytt og er mest á landi. Lítið er um útivist á sjó.

**Hefðbundnar nytjar** hafa dregist saman. Dregið hefur úr þekkingu á nýtingu auðlinda.

Lítill áhersla er á **náttúruvernd** á haf- og strandsvæðum. Mengun frá frárennsli, skipaumferð og starfsemi í landi hefur aukist.

## Lífið er saltfiskur

Aðstæður í hafinu hafa þróast þannig að vöxtur hefur verið í stofnum margra fisktegunda. **Veiðar** og aflaverðmæti hafa aukist talsvert. Uppeldisstöðvar fiska eru víðfeðmar í flestum fjörðum. Fjölgað hefur í skipafлотa svæðisins. Vinnsla sjávarafurða fer fram á flestum þéttbýlisstöðum.

Uppistaða aflans er hefðbundnar uppsjávartegundir, en auk þess veiðist vel af nýjum nytjategundum.

**Sjókvíaeldi** hefur haldist nokkuð stöðugt að umfangi.

**Sjávarútvegsfyrirtæki** í landshlutanum eru fjölbreytt. Sjávarútvegur og tengd starfsemi stendur undir flestum störfum í aðliggjandi byggðum. Vinnuafsbörf er að hluta til árstíðabundin.

Allar **hafnir** og minni skip hafa rafvæðst. Flutningskerfi raforku hefur verið styrkt til að rafvæða hafnir.

Aðrar nytjar, svo sem **skelrækt**, **þangskurður**, **efnistaka** og **dúntekja**, hafa vaxið og eru verðmætari afurðir unnar úr hráefnunum en áður. Talsvert kalkþörunganáam er á svæðinu og mikil eftirspurn eftir afurðum þess.

**Ferðaþjónusta** byggir á komum skemmtiferðaskipa til stærri bæja og á tiltekna áfangastaði. Helstu siglingaleiðir tengjast veiði og siglingum skemmtiferðaskipa og minni báta.

**Orkuvinnsla** á hafi er til skoðunar og nokkur svæði afmörkuð sem möguleg orkuvinnslusvæði, þar sem vinnslan hefur takmörkuð neikvæð umhverfisáhrif.

Áhersla er á að **vernda** ákveðin svæði sem hafa sérstöðu á heims- og landsvísu.

## Ströndin handan við heiminn

Almenningur hefur auknar áhyggjur af **loftslagsmálum** og ástandi umhverfisins. Náttúrutengd

upplifunarferðaþjónusta byggir á nálægð við hafið, til dæmis skútusiglingar, köfun, sjósund, brimbretti, kajak, gönguferðir, hlaup, skíði og veiðiferðir. Vöxtur er hjá minni fyrirtækjum sem byggja á þekkingu á svæðinu. Ákveðin svæði eru þekkt sem paradís fyrir útivist á hafi og við strendur. Ferðamenn sækjast eftir nánd við **náttúru**, þar sem innviðir og atvinnustarfsemi eru lítt sýnileg. Aðgengi er stýrt með takmörkunum á siglingum og leyfum til að taka land.

**Fjölbreytt þjónusta** við ferðamenn hefur byggst upp á þéttbýlisstöðum og eftirsóttum áfangastöðum. Veitinga- og gististaðir, söfn, listviðburðir og handverkshús blómstra. Árlegar menningarhátíðir eru vel sóttar. Skemmtiferðaskip koma reglulega til þéttbýlisstaða.

Stærstu atvinnugreinarnar eru ferðaþjónusta, menningartengd starfsemi og fjölbreytt nýting á auðlindum úr hafi. Vinnuafsbörf er að miklu leyti árstíðabundin.

Leyfi til **annarrar nýtingar** á svæðum sem ferðaþjónustan nýtir eru takmörkuð og taka mið af umhverfissjónarmiðum og því að haldið sé í ímynd ósnortinnar náttúru.

Nýting úr hafi er á smáum skala og byggir á höflegum **veiðum**, **vinnslu á þangi**, **skelfiskeldi** og **öðrum sjávarnyttjum**. Afurðir svæðisins eru eftirsóttar vegna uppruna, gæða og sögu.

## Áhrifamat sviðsmynda




Stór fyrirtæki tryggja gott framboð af **heilsársstörfum** en á móti er minni áhersla á nýsköpun sem byggir á staðbundinni menningu og þekkingu.

Umhverfisviðmið fyrir **auðlindir** horfir til sjálfbærrar og fjölbreyttrar nýtingar strandsvæða sem byggja á vistkerfisnálgun. Sviðsmyndin gerir ráð fyrir **ágengri nýtingu** innan fjarða sem getur **rýrt gæði strandsjávar** og leitt til hnignunar **vistkerfis sjávar**, áhrifa á viðhald villtra dýrastofna og líffræðilega fjölbreytni sem veldur því að aðrar nýttar dragast saman.

**Traustir innviðir**, samgöngur, orkuskipti og **orkuvinnsla** byggist upp sem styður við heimsmarkmið um sjálfbæra orku, trausta innviði og loftslagsmál.

**Ummerki atvinnulífs er sýnilegt** um mest allt svæðið og aðgengi að ósnertri náttúru minnkar. Einhæft atvinnulíf minnkar **viðnámsþrótt samfélagsins** gagnvart náttúruvá og breytingum. Lítil áhersla er á **varðveislu minja** um búsetu og athafnir á svæðinu.




Stór fyrirtæki tryggja framboð af heilsársstörfum en einnig er nokkuð um nýtingu á öðrum auðildum sjávar sem byggir á staðbundinni þekkingu og menningu. Nokkuð er um árstíðabundin störf.

Umhverfisviðmið fyrir auðlindir horfir til sjálfbærrar og fjölbreyttrar nýtingar strandsvæða sem byggja á vistkerfisnálgun. Sviðsmyndin gerir ráð fyrir jafnvægi í nýtingu fiskistofna en ágengri nýtingu innan fjarða sem getur leitt til hnignunar vistkerfis sjávar, áhrifa á viðhald villtra dýrastofna og líffræðilega fjölbreytni.

Orkuframleiðsla og uppbygging raforkuflutningskerfis styður við umhverfisviðmið um trausta innviði og aðgengi að orku.

Ummerki atvinnulífs er sýnilegt um mest allt svæðið og aðgengi að ósnertri náttúru minnkar sem skerðir tækifæri til útivistar. Menningarmínjar um búsetu og starfshætti geta verið í hættu vegna nýtingar nærri ströndinni. Fjölbreytt atvinnulíf stuðlar að viðnámsþrótti samfélagsins gagnvart náttúruvá og áhrifum loftslagsbreytinga. Orkuskipti í höfnum stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda.



Fjölbreytt nýting auðlinda strandsvæða sem byggir á vistkerfisnálgun. Fjölbreytt menningarstarfsemi og nýting auðlinda svæðisins styður við staðbundna menningu og framleiðsluvörur sem gerir svæðið að eftirsóknarverðum áfangastað. Talsvert er um árstíðabundin störf.







Hagsmunir umhverfis og ferðaþjónustu fara saman að vissu marki. Atvinnustarfsemi innan fjarða er varfærin og hefur lítil áhrif á ástand strandsjávar, lífríki og jarðmyndanir. Lítið er um staðbundin mannvirki sem gætu haft áhrif á fjölbreytni landslags. Mikill fjöldi ferðamanna á viðkvæmum svæðum reynir á þölmörk þeirra.

Lítill áhersla er á uppbyggingu innviða og orkuframleiðslu og minni eftirspurn eftir orku. Atvinnustarfsemi til hafs og stranda er orkunýtin.

Ummerki atvinnulífs er lítt sýnilegt um mest allt svæðið og aðgengi að ósnertri náttúru er víða. Viðnámsþróttur byggir á fjölbreytni í atvinnulífi.

## Viðauki 2: Valkostagreining

Tillaga að strandsvæðisskipulagi byggir á sex nýtingarflokkum sem eru:

	Staðbundin nýting (SN)		Orkuvinnsla (O)
	Umhverfi og náttúra (UN)		Siglingar (SI)
	Lagnir og vegir (LV)		Almenn nýting (A)

Tilgangur valkostagreiningar er bera saman ólíka möguleika á nýtingu og vernd á hverju svæði og hvaða styrkleikar og áskoranir eru til staðar. Einnig skapar valkostagreining grunn að umræðu um framtíðarsýn svæðisins í skipulagsvinnunni og hvernig staðið er að ákvörðun um val á þeim kostum sem unnið er áfram með við mótun strandsvæðisskipulagsins. Valkostir voru setti fram þar sem að aðstæðum á strandsvæðinu háttar þannig til að fleiri en ein leið til nýtingar og verndar kom til greina. Tveir til þrjú valkostir eru til skoðunar á hverju svæði fyrir sig.

Lagt er mat á áhrif mismunandi valkosta sem nýtt var við útfærslu á tillögu strandsvæðisskipulags á Austfjörðum með það að markmiði að styðja sem best við þau markmið sem sett eru fram í skipulaginu. Valkostir eru bornir saman með tilliti til sömu umhverfisþátta og eru til grundvallar umhverfismati á tillögu að Strandsvæðisskipulagi Austfjarða.

Með því að nota sömu umhverfisþætti í valkostagreiningu og í umhverfismati strandsvæðisskipulags Austfjarða er tryggt að horft sé til umhverfissjónarmiða við mótun tillögunnar.


Valkostir voru settir fram snemma í ferlinu og hafa sumir valkostir tekið breytingum í takt við nýjar upplýsingar um nýtingu og vernd á strandsvæðinu og í kjölfar samráðs við sveitar- og hafnarstjórnir aðliggjandi sveitarfélaga og samráðshóp. Valkostirnir fela því ekki alltaf í sér endanlegri útfærslu á staðsetningu og umfangi nýtingarflokka.



## A. ALMENNINGSFLES OG LOÐMUNDARFJÖRÐUR

### Valkostir

Valkostir á svæðinu frá Almenningsfles að Loðmundarfirði felast í mismunandi afmörkun reita fyrir nýtingarflokkinn umhverfi og náttúra þar sem áhersla er lögð á vernd og sérkenni viðkomandi svæðis vegna landslags náttúrulegs, sögulegs eða menningarlegs gildis.



Mynd 1 Afmörkun nýtingarflokka í valkostum A og B fyrir Almenningsfles og Loðmundarfjörð

### Grunnástand

Svæðið afmarkast við landsvæðið frá Hrafnabjargi norðan Brúnavíkur að Fjallhnaus sunnan Loðmundarfjarðar. Landslagið einkennist af háum fjöllum, þverhnipt niður í sjó og lítið undirlendi. Loðmundarfjörður er opin og grunnur fjörður þar sem úthafsaldan nær upp að strönd innst í firðinum. Landið er á náttúruminjaskrá (C-hluti nr. 607) og nýtur hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016. Á landi er svæðið víðlent og fjölbreytt með litríkum bergmyndunum svo sem líparíti. Fjölskrúðugur og sérstæður gróður og grösug dalverpi er norðan undir Bjólfi og eyrar með minjum um byggð. Engin föst búseta er á þessu svæði en á sumrin er gist í húsam í einkaeigu og gönguskálum enda vinsælt útivistarsvæði með stikuðum og merktum gönguleiðum. Svæðið er nýtt af landeigendum og félagasamtökum til útivistar og nytja. Bryggjustúfur er í Loðmundarfirði og landtaka í Ytri-Álftavík og við Glettinganes.

Umferð skipa liggur að mestu fyrir utan svæðið. Veidar með handfærum eru bannaðar frá 15. maí til 31. júlí milli Loðmundarfjarðar og Glettinganes, Veidar með dragnót eru bannaðar inn í Loðmundarfirði. Rannsóknarsvæði Hafrannsóknarstofnunar er á milli Loðmundarfjarðar og Álftavíkur. Stórt æðavarp er í Loðmundarfirði og selalátur landsels eru innan svæðis strandsvæðaskipulags. Góð tækifæri til útivistar og ferðaþjónustu og nýting strandsvæða tengd því, svo sem fuglaveiðar, sjóstangaveiði, og kajakferðir.

## Valkostagreining

Hér fyrir neðan er lagt mat á áhrif valkosta A og B fyrir Almenningsfles og Loðmundarfjörð.

**Tafla 5.1 Valkostagreining – Almenningsfles og Loðmundarfjörður**

	A	B
Auðlindir	Valkostur samræmist núverandi nýtingu auðlinda. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á nýtingu auðlinda.	Valkostur samræmist núverandi nýtingu og festir hana í sessi á stærra svæði. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á nýtingu auðlinda.
Atvinna	Valkostur styður við núverandi atvinnu á svæðinu sem eru að mestu veiðar og ferðaþjónusta.	Valkostur styður betur við núverandi atvinnu á svæðinu með því að mörk nýtingarflokks umhverfi og náttúra nær yfir stærra svæði.
Innviðir	Valkostur hefur ekki áhrif á innviði.	Valkostur hefur ekki áhrif á innviði.
Heilbrigði og öryggi	Reitur er afmarkaður fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi sem er líklegt að vera jákvætt fyrir útivist og heilbrigði umhverfis.	Stærri reitur í vikum og firði er afmarkaður fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi. Jákvætt fyrir útivist og heilbrigði umhverfis.
Menningarminjar	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.
Strandsjór	Valkostur felur í sér litla breytingu frá núverandi ástandi. Nýting er ekki líkleg til að auka álag á strandsjó.	Valkostur felur í sér litla breytingu frá núverandi ástandi. Nýting er ekki líkleg til að auka álag á strandsjó.
Umhverfi og náttúra	Svæði er afmarkað fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi, jákvætt fyrir ásýnd svæðis og náttúrufar.	Svæði er afmarkað fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi, jákvætt fyrir ásýnd svæðis og náttúrufar.  Valkostur styður betur við vernd svæðisins sem heild.
Loftslag	Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga kallar ekki á sérstaka aðgerðir. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.	Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga kallar ekki á sérstaka aðgerðir. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.


## Niðurstaða

Helsti munur milli valkosta er að valkostur B er líklegur til að festa betur í sessi núverandi nýtingu auðlinda og styðja betur við þá atvinnu sem er á svæðinu en valkostur A. Skilmálar fyrir nýtingarflokk umhverfi og náttúra setja takmarkanir á atvinnustarfsemi. Þá styður valkostur B jafnframt betur við náttúruvernd svæðisins sem heild. Niðurstaða valkostagreiningar er að vinna áfram með valkost B við mótun strandsvæðisskipulagsins. Við frekari skipulagsvinnu og samráðsferli má gera ráð fyrir að valkosturinn taki einhverjum breytingum.

## B. SEYÐISFJÖRÐUR

### Valkostir

Í Seyðisfirði eru lagðir fram tveir valkostir. Í valkosti B eru afmarkaðir reitir til staðbundinnar nýtingar á fjórum stöðum, í Sörlastaðavík, Skálanesbót og tveir staðir í Selstaðavík. Í valkosti A eru ekki afmarkaðir reitir fyrir staðbundna nýtingu en lögð áhersla á almenna nýtingu s.s. ferðaþjónustu og fiskveiðar. Í báðum valkostum eru siglingar og strengir stór hluti af nýtingu í Seyðisfirði og reitur í nýtingarflokki umhverfi og náttúra er við Skálanesbót.



Mynd 2 Afmörkun nýtingarflokka í valkostum A og B fyrir Seyðisfjörð.

### Grunnástand

Fjörðurinn er langur og þröngur og í botni fjarðarins er Seyðisfjarðarkaupstaður. Mikil umferð stórra skipa er inn Seyðisfjörð. Ferjan Norræna siglir frá Evrópu til Seyðisfjarðar og þangað koma skemmtiferðaskip, en hátt í 70 skemmtiferðaskip komu árið 2019. Seyðisfjarðarhöfn er í grunneti samgangna. Sæstrengurinn Farice er ein af tengingum Íslands við Evrópu, og liggur um fjörðinn og kemur að landi við Vestdalseyri. Handfæraveiðar eru stundaðar úti fyrir Skálanesbjargi og inn fjörðinn. Veiðar með dragnót eru úti á Seyðisfjarðarfloa, Undir Brimnesi, við Skálanes og út fyrir Skálanesbjargi eru stundaðar netaveiðar. Umsóknir um leyfi fyrir alls 10.000 tonna fiskeldi er í ferli. Ferðaþjónusta er stunduð víða í firðinum og er mikilvæg atvinnugrein á svæðinu.

Við Skálanesbjarg er fýlabyggð sem er alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að fjöruvistgerð við Dalatanga sé á B-hluta náttúruminjaskrár. Austurdalur er á náttúruminjaskrá (C-hluti nr, 608) vegna vatnasviðs Austdalsár og grösugra dalverpa sem eru kringt háum fjöllum. Austurdalur nýtur einnig hverfisverndar. Vesturdalur og Vestdalseyri eru hverfisvernduð vegna sérstæðs vistkerfis og menningarminja. Ekki liggur fyrir hvort menningarminjar séu innan skipulagssvæðisins en nokkrar eru á landi, einkum í nánd við Seyðisfjörð og Skálanesbjarg. Ofanflóðahætta er til staðar á nokkrum stöðum við fjörðinn. Hættumat vegna ofanflóða er í gildi fyrir þéttbýlið í Seyðisfirði.

Skipsflakið El Grillo liggur á botni fjarðarins. Olía hefur lekið úr skipinu og ekki tekist að koma í veg fyrir frekari leka. Flakið er merkt með ljósdufli.

### Valkostagreining

Hér fyrir neðan er lagt mat á áhrif valkosta A og B fyrir Seyðisfjörð.

**Tafla 5.2 Valkostagreining – Seyðisfjörður**

	A	B
Auðlindir	Valkostur veitir fyrirhugaðri staðbundinni nýtingu ekki forgang í skipulagi en styður við núverandi nýtingu sem er aðallega veiðar og ferðaþjónusta. Ekki verður eða minna álag verður á auðlindir.	Í valkosti eru skilgreindir reitir til staðbundinnar nýtingar sem styður við fyrirhugaða nýtingu. Minna svæði er afmarkað fyrir aðra nýtingu.  Valkostur gerir ráð fyrir aukinni nýtingu auðlinda miðað við núverandi ástand og í samræmi við burðarþolsmat. Kanna að auka álag á auðlindir.
Atvinna	Valkostur er líklegur til að styðja ekki við fyrirhugaða atvinnustarfsemi á svæðinu sem tengist staðbundinni nýtingu. Stærri reitir eru afmarkaðir fyrir almenna nýtingu, veiðar og ferðaþjónustu.	Valkostur er líklegur til að styðja við og efla atvinnusköpun í tengslum við staðbundna nýtingu á svæðinu. Önnur nýting hefur forgang á minna svæði en í valkosti A. Það kunna að verða hagsmunaaðreksstrar milli mismunandi nýtingar svo sem milli umfangsmikillar staðbundinnar nýtingar og ferðaþjónustu.
Innviðir	Valkostur afmarkar svæði fyrir siglingaleiðir og strengi og tryggir þannig örugga aðkomu að höfn.	Valkostur afmarkar reiti fyrir strengi og siglingaleiðir til að tryggja örugga aðkomu að höfn.  Staðbundin nýting liggur upp að svæði til siglinga, sem kann að draga úr öryggi siglingaleiða og hafa þar með neikvæð áhrif. Við frekari útfærslu þarf að huga að því að mannvirki í tengslum við þá nýtingu hafi ekki neikvæð áhrif á öryggi siglinga og í tengslum við það að vinna áhættumat siglingaleiða.
Heilbrigði og öryggi	Reitir eru afmarkaðir fyrir nýtingarflokk umhverfi og náttúra í framhaldi af verndarsvæði á landi sem er líklegt til að vera jákvætt fyrir útivist og heilbrigði umhverfis.	Reitir eru afmarkaðir fyrir nýtingarflokk umhverfi og náttúra í framhaldi af verndarsvæði á landi sem er líklegt til að vera jákvætt fyrir útivist og heilbrigði umhverfis.  Sjónræn áhrif vegna nálægðar staðbundinnar nýtingar við umhverfi og náttúru kann að hafa neikvæð áhrif á upplifun útivistarfólks.
Menningarminjar	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.
Strandsjór	Valkostur er líklegur til að breyta litlu álagi á strandsjó frá núverandi ástandi.	Staðbundin nýting er afmörkuð um fyrirhugaða nýtingu auðlinda. Álag er líklegt til að aukast en er í samræmi við burðarþolsmat fjarðarins og áhættumat.  Aukin umsvif kunna að hafa neikvæð áhrif í för með sér vegna mengunar.
Umhverfi og náttúra	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi en einnig um mikilvæg fuglasvæði, jákvætt fyrir ásýnd svæðis og náttúrufar.	Reitur er afmarkaður fyrir nýtingarflokk umhverfi og náttúra í framhaldi af verndarsvæði á landi en einnig um mikilvæg fuglasvæði, jákvætt fyrir ásýnd svæðis og náttúrufar.  Við nánari útfærslu þarf að skoða hvort staðbundin nýting hafi neikvæð áhrif á reiti fyrir umhverfi og náttúru vegna nálægðar.



Loftslagsbreytingar kunna að auka tíðni á ofanflóðum sem huga þarf að við nánari útfærslu á nýtingu.

Óbreytt ástand hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.

Loftslagsbreytingar kunna að auka tíðni á ofanflóðum sem huga þarf að við nánari útfærslu á nýtingu. Valkostur er líklegur til að auka umsvif á svæðinu sem felur í sér losun gróðurhúsalofttegunda.

### Niðurstaða


Helsti munur milli valkosta er að valkostur A veitir ekki fyrirhugaðri nýtingu á svæðinu forgang og er ekki líklegur til að styðja við fyrirhugaða atvinnuuppbyggingu, hvað varðar staðbundna nýtingu en Valkostur A veitir annarri nýtingu forgang, t.d. veiðum og ferðaþjónustu. Valkostur B styður við og er líklegur til að efla atvinnusköpun sem tengist staðbundinni nýtingu. Valkostur B getur dregið úr greiðfærni og öryggi siglingaleiða ef ekki er gripið til mótvægisáðgerða s.s. merkingar. Niðurstaða valkostagreiningar er að vinna áfram með valkost B við mótun strandsvæðisskipulagsins. Við frekari skipulagsvinnu og í samráðsferli má gera ráð fyrir að valkosturinn taki einhverjum breytingum.

Fjörðurinn er þröngur og mikil nálægð er á milli reita í nýtingarflokkum staðbundin nýtingu, umhverfi og náttúra og siglingaleiðir, sem gæti skapað árekstra. Á síðari stigum, við leyfisveitingar, þarf að tryggja samtal milli hagsmunaaðila við frekari útfærslu nýtingar og lagt til að vinna áhættumat siglingaleiðarinnar í Seyðisfirði. Hugsa þarf að mögulegri ofanflóðahættu og útfærslu nýtingar í samhengi við afmörkun verndarsvæða og áhrif á verndargildi þeirra. Olíuleki úr skipsflakinu El Grillo getur haft áhrif á útfærslu valkosta hvað varðar verndun, staðbundna nýtingu, veiðar og aðra þætti s.s. ferðaþjónustu og útivist.

## C. NORÐFJARÐARFLÓI

### Valkostir

Í Norðfjarðarflóa voru lagðir fram tveir valkostir, A og B. Í báðum valkostum er afmarkaður reitur til siglinga og reitur við Norðfjarðarnípu er skilgreindur í nýtingarflokk umhverfi og náttúra. Afmörkuð er staðbundin nýting á litlum reitum, tveimur við Barðsnes og þremur í Norðfirði. Í valkosti B er að auki afmarkaður reitur fyrir nýtingarflokkinn umhverfi og náttúra við Barðsnes.



Mynd 3 Afmörkun nýtingarflokka í valkostum A og B fyrir Norðfjarðarflóa

### Grunnástand

Flóinn skiptist í 3 firði, Norðfjörð, Hellisfjörð og Viðfjörð og stendur Neskaupsstaður við Norðfjörð. Neskaupsstaðahöfn er í grunneti samgangna og er stór fiskiskipahöfn. Í Norðfjarðarflóa eru stundaðar veiðar einkum með dragnót og línu en einnig neta- og krókaveiðar, þar hefur einnig verið stunduð efnistaka og liggja fyrir fimm leyfi til leitar og rannsóknar vegna efnistöku. Fiskiskip fara um svæðið en einnig er ferjuleið milli

Neskaupstaðar og Mjóafjarðar. Nokkrir lendingarstaðir eru á svæðinu. Engar lagnir eru í sjó.

Nokkuð er um ferðaþjónustu á svæðinu og útivist. Skilgreind gönguleið er í Aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007 - 2027 sem liggur meðfram suðurströnd Norðfjarðar og meðfram eyðifjörðunum Hellisfirði og Viðfirði fram á Barðsnes.

Fólkvangur á Neskaupsstað er friðaður og tekur friðlýsing til grynninga út frá ströndinni. Norðfjarðarnípa er alþjóðlega mikilvæg sjófuglabýggð. Gerpissvæðið er friðlýst milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar og nær yfir Hellisfjörð og Viðfjörð. Innst í Norðfirði eru leirur sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Ofanflóðahætta er til staðar á nokkrum stöðum við fjörðinn og er ofanflóða hættumat í gildi fyrir Neskaupstað.

### Valkostagreining

Hér fyrir neðan er lagt mat á áhrif valkosta A og B fyrir Norðfjarðarflóa.

**Tafla 5.3 Valkostagreining – Norðfjarðarflói**

	A	B
Auðlindir	Valkostur er í samræmi við núverandi nýtingu. Gert er ráð fyrir aukinni staðbundinni nýtingu miðað við núverandi nýtingu.	Valkostur er í samræmi við núverandi nýtingu. Gert er ráð fyrir aukinni staðbundinni nýtingu miðað við núverandi nýtingu.
Atvinna	Valkostur styður við núverandi atvinnu sem er að mestu leyti veiðar og ferðaþjónusta. Gert er ráð fyrir staðbundinni nýtingu, s.s. efnistöku samkvæmt fyrirbyggjandi leyfum.	Valkostur styður við núverandi atvinnu sem er að mestu leyti veiðar og ferðaþjónusta. Gert er ráð fyrir staðbundinni nýtingu, s.s. efnistöku samkvæmt fyrirbyggjandi leyfum.  Mikil nálægð er milli reita fyrir staðbundna nýtingu og reita fyrir umhverfi og náttúru sem þarf að huga að við nánari útfærslu. Tryggja þarf samtal milli hagsmunaaðila.
Innviðir	Aðkoma fiskiskipa og skipa sem þjónusta nálæga byggð er tryggð með afmörkun svæðis til siglinga.	Aðkoma fiskiskipa og skipa sem þjónusta nálæga byggð er tryggð með afmörkun svæðis til siglinga.
Heilbrigði og öryggi	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis á á friðlýstu svæði að hluta til en einnig um mikilvægt fuglasvæði. Styður við útivist og heilbrigði umhverfis.	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis á á friðlýstu svæði á stærra svæði en einnig um mikilvægt fuglasvæði. Jákvætt fyrir útivist og heilbrigði umhverfis.
Menningarminjar	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.
Strandsjór	Staðbundin nýting er afmörkuð um fyrirhugaða nýtingu auðlinda, sem er efnistaka. Líklegt er að áhrif á strandsjó verði staðbundin og tímabundin.	Staðbundin nýting er afmörkuð um fyrirhugaða nýtingu auðlinda sem er efnistaka. Líklegt er að áhrif á strandsjó verði staðbundin og tímabundin.
Umhverfi og náttúra	Reitur afmarkaður fyrir verndar umhverfis og náttúru um mikilvægt fuglasvæði og á friðlýstu svæði að hluta til. Jákvætt fyrir náttúrufar og fuglalíf.	Reitur er afmarkaður fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi ásamt því að reitur er afmarkaður um friðlýst svæði og mikilvægt fuglasvæði.

	Jákvætt fyrir ásýnd svæðis, náttúrufar og fuglalíf.
Loftslag	Loftslagsbreytingar kunna að auka tíðni á ofanflóðum sem huga þarf að við nýtingu og vernd á strandsvæðum. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.
	Loftslagsbreytingar kunna að auka tíðni á ofanflóðum sem huga þarf að við nýtingu og vernd á strandsvæða. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.

### Niðurstaða

Helsti munur milli valkosta er að í valkosti B er stærri reitur tekinn undir nýtingarflokk umhverfi og náttúra. Staðbundin nýting er í mikilli nálægð við nýtingarflokk umhverfi og náttúra og sem gæti skapað árekstra. Á síðari stigum, við leyfisveitingar, þarf að tryggja samtal milli hagsmunaaðila við frekari útfærslu nýtingar. Niðurstaða valkostagreiningar er að vinna áfram með valkost A við mótun strandsvæðisskipulagsins. Við frekari skipulagsvinnu og samráðsferli má gera ráð fyrir að valkosturinn taki einhverjum breytingum.


Við frekari útfærslu nýtingar þarf að hafa mögulega ofanflóðahættu í huga. Þá þarf einnig að huga að útfærslu staðbundinnar nýtingar í samhengi við afmörkun verndarsvæða á landi og möguleg neikvæð áhrif á verndargildi þeirra.

## D. VÍKUR

### Valkostir

Frá Barðsneshorni, um Sandvík og Vöðlavík og að Krossanesi voru settir fram tveir valkostir. Valkostur A afmarkar reit í nýtingarflokknum umhverfi og náttúra, sem nær til alþjóðalega mikilvægrar sjófuglabyggðar við Gerpi. Í valkosti B nær reitur sem skilgreindur er í nýtingarflokkinn umhverfi og náttúra frá nyrsta hluta Barðsnes að Reyðarfirði.





Mynd 4 Afmörkun nýtingarflokka í valkostum A og B fyrir Víkur.

### Grunnástand

Engin höfn eða byggð er á svæðinu. Siglingar eru að mestu fyrir utan svæðið. Stærri skip sigla meðfram Vöðlavík á leið sinni inn til Reyðarfjarðar. Landtaka er á tveimur stöðum í Sandvík og Vöðlavík. Engar lagnir eru í sjó. Hefðbundnar veiðar eru stundaðar aðallega krókaveiðar, handfæraveiðar og veiðar með plóg. Engin leyfi eru fyrir staðbundinni nýtingu á svæðinu s.s. efnistöku eða fiskeldi. Ferðaþjónusta og útivist er stunduð á svæðinu. Friðlýst svæði er nýrst á Barðsnesi auk þess sem Gerpissvæðið er friðlýst milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar. Gerpur telst sem alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð.

### Valkostagreining

Hér fyrir neðan er lagt mat á áhrif valkosta A og B fyrir Víkur.

## Niðurstaða

**Tafla 5.4 Valkostagreining – Víkur**


	A	B
Auðlindir	Valkostur samræmist núverandi nýtingu.	Valkostur samræmist núverandi nýtingu.
Atvinna	Valkostur styður við núverandi atvinnustarfsemi á svæðinu sem eru veiðar og ferðaþjónusta.	Valkostur styður betur við núverandi atvinnustarfsemi á svæðinu því mörk nýtingarflokks umhverfi og náttúra nær lengra út.
Innviðir	Umferð skipa um svæðið er tryggð með afmörkun svæðis til siglinga	Umferð skipa um svæðið er tryggð með afmörkun svæðis til siglinga
Heilbrigði og öryggi	Reitur í nýtingarflokk umhverfi og náttúru eru afmarkaðir út frá verndarsvæði á landi og um mikilvægt fuglasvæði. Styður við útivist og heilbrigði umhverfis.	Reitur í nýtingarflokk umhverfi og náttúra er afmarkaður meðfram strandlengjunni og tengir þannig saman svæði sem er afmarkað í framhaldi af verndarsvæði á landi og mikilvægt fuglasvæði. Styður við útivist og heilbrigði umhverfis.
Menningarminjar	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.
Strandsjór	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.
Umhverfi og náttúra	Reitur í nýtingarflokki umhverfi og náttúra eru afmarkaðir út frá verndarsvæði á landi og um mikilvægt fuglasvæði. Valkostur styður við vernd á svæðinu.	Nýtingaflokkur umhverfi og náttúra nær yfir stærra svæði en það sem verndað er og styður við verndun svæðisins sem heild.
Loftslag	Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga kallar ekki á sérstaka aðgerðir. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.	Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga kallar ekki á sérstaka aðgerðir. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.

Munurinn á valkostum fyrir Víkur er að í valkosti B nær nýtingarflokkur umhverfi og náttúra yfir stærra reit. Það festir í sessi skipulagsákvæði fyrir umhverfi og náttúru á strandsvæðum við Víkur en aðliggjandi land er að hluta til friðlýst. Ákveðið er að vinna áfram með valkost A við mótun strandsvæðisskipulagsins. Við frekari skipulagsvinnu og samráðsferli má gera ráð fyrir að valkosturinn taki einhverjum breytingum.

## E. REYÐARFJÖRÐUR

### Valkostir

Í Reyðarfirði og Eskifirði eru tveir valkostir til skoðunar. Fyrir báða valkosti er afmarkaður reitur til siglinga til Reyðarfjarðar og Eskifjarðar auk þess sem afmarkaðir eru reitir fyrir staðbundna nýtingu á sjö stöðum. Strandsvæðið meðfram friðlandi við Hólmanes og við Vattarnes er afmarkað í nýtingarflokk umhverfi og náttúra. Valkostur B afmarkar til viðbótar reit í nýtingarflokk umhverfi og náttúra út frá friðlýstu svæði við Sigmundarhús og Hafranes.



Mynd 5 Afmörkun nýtingarflokka í valkostum A og B fyrir Reyðarfjörð

### Grunnástand

Svæðið tekur til Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Siglingaleiðir liggja inn fjörðinn að Reyðarfirði, Eskifirði og Mjóeyri, þar sem álver Fjarðaráls er. Akkerislægi er úti í miðjum firði til móts við Hólmanes. Skipaafdreip er úti fyrir Vattarnestanga. Samgöngustofa hefur útnefnt Reyðarfjarðarhöfn sem skipaafdreip (neyðarhöfn) sbr. Hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar nr. 978/2009.

Hefðbundnar veiðar eru stundaðar í Reyðarfirði, helstu svæðin eru úti fyrir Gripaldi. Burðarþolsmat liggur fyrir varðandi fiskeldi og er leyfi á sjö svæðum við Rifsker, Bjarg, Sigmundarhús, Gripaldi, Hafranes, Kolmúli og Vattarnes, sem eru staðsett á sex reitum í skipulaginu. Leyfi er fyrir efnistöku og rannsóknum tengdum þeim út fyrir Landamótstanga.

Hólmanes er friðland og fólkvangur. Friðlýst æðarvarp er við Torfanés og í landi Vattarnes og þar er einnig svæði tilnefnt á B-hluta náttúruinjaskrár vegna klóþangsfjöru. Friðlýst svæði er við Sigmundarhús og Helgustaði, ásamt Gerpi og ysta hluta skagans milli Reyðarfjarðar og Norðfjarðar. Ofanflóðahætta er til staðar og er hættumat í gildi fyrir Eskifjörð.

Ferðaþjónusta er stunduð á svæðinu, m.a. fuglaskoðun, sjósund og gönguferðir. Nokkrar skilgreindar gönguleiðir eru í Aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007 - 2027, einkum á svæðum sem eru friðlýst.

## Valkostagreining

Hér fyrir neðan er lagt mat á áhrif valkosta A og B fyrir Reyðarfjörð.

**Tafla 5.5 Valkostagreining – Reyðarfjörður**

	A	B
Auðlindir	Valkostur felur í sér að svigrúm er til frekari nýtingu auðlinda. Staðbundin nýting er afmörkuð á sjö reitum og eru leyfi til fiskeldis á 6 þeirra og rannsóknar og leitarleyfi vegna efnistöku á einu.	Valkostur felur í sér að svigrúm er til frekari nýtingu auðlinda. Staðbundin nýting er afmörkuð á sjö stöðum og eru leyfi til fiskeldis á 6 þeirra og rannsóknar og leitarleyfi vegna efnistöku á einu.
Atvinna	<p>Valkostur styður við núverandi atvinnustarfsemi sem er að mestu veiðar, fiskeldi og ferðaþjónusta.</p> <p>Valkostur er líklegur til að styðja við og efla atvinnusköpun einkum í tengslum við staðbundna nýtingu á svæðinu.</p> <p>Umfang staðbundinnar nýtingar kann að hafa neikvæð áhrif á aðra atvinnugreinar, s.s. veiðar, vegna nálægðar á nýtingarsvæðum.</p>	<p>Valkostur styður við núverandi atvinnustarfsemi sem er að mestu veiðar, fiskeldi og ferðaþjónusta.</p> <p>Valkostur er líklegur til að styðja við og efla atvinnusköpun einkum í tengslum við staðbundna nýtingu á svæðinu.</p> <p>Umfang staðbundinnar nýtingar kann að hafa neikvæð áhrif á aðra atvinnugreinar, s.s. veiðar, vegna nálægðar á nýtingarsvæðum.</p> <p>Í valkosti er mikil nálægð á milli reita fyrir staðbundna nýtingu og reita fyrir nýtingarflokk umhverfi og náttúra, og huga þarf að því við nánari útfærslu og aðkomu hagsmunaaðila.</p>
Innviðir	<p>Valkostur tryggir svæði til siglinga til Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, ásamt vöruflutningum tengda álverinu.</p> <p>Staðbundin nýting við Rifsker og Kotmúla þrengir að siglingum sem hefur áhrif á afmörkun reita til siglinga.</p>	<p>Valkostur tryggir svæði til siglinga til Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, ásamt vöruflutningum tengda álverinu.</p> <p>Staðbundin nýting við Rifsker og Kotmúla þrengir að siglingum sem hefur á á afmörkun reita til siglinga.</p>
Heilbrigði og öryggi	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæðum á landi. Styður við útivist og heilbrigði umhverfis.	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæðum á landi og út frá friðlýstu æðarvarpi við Torfnes. Styður við útivist og heilbrigði umhverfis.
Menningarminjar	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.
Strandsjór	<p>Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.</p> <p>Afmarkaðir eru reitir fyrir staðbundna nýtingu þar sem leyfi hafa þegar verið gefin út, í samræmi við burðarþolsmat.</p>	<p>Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.</p> <p>Afmarkaðir eru reitir fyrir staðbundna nýtingu þar sem leyfi hafa þegar verið gefin út, í samræmi við burðarþolsmat.</p>
Umhverfi og náttúra	Valkostur afmarkar reiti fyrir umhverfi og náttúru út frá friðlýstu svæði og svæðum með vistgerð sem nýtur verndar. Áhrifin eru jákvæð á náttúrufar og ásýnd svæðis.	<p>Valkostur afmarkar fleiri reiti fyrir umhverfi og náttúru út frá friðlýstum svæðum og svæðum með vistgerð sem nýtur verndar og út frá friðlýstu æðarvarpi. Jákvætt fyrir ásýnd svæðis og náttúrufar.</p> <p>Nálægð er við reiti afmarkaða fyrir staðbundna nýtingu og huga þarf að</p>

	áhrifum hvors á annað. Tryggja þarf aðkomu hagsmunaaðila.
Loftslag	Loftslagsbreytingar kunna að auka tíðni á ofanflóðum sem huga þarf að við nánari útfærslu nýtingar og verndar. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.
	Loftslagsbreytingar kunna að auka tíðni á ofanflóðum sem huga þarf að við nánari útfærslu nýtingar og verndar. Óverulegur munur er talinn vera á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.

### Niðurstaða

Helsti munur valkosta er að í valkosti B eru fleiri reitir teknir undir nýtingarflokk umhverfi og náttúra. Nýtingarflokkurinn er líklegur til að stuðla að jákvæðum áhrifum á náttúrufer og ásýnd svæðis. Í valkosti B er jafnframt mikil nálægð á milli staðbundinnar nýtingar og reita afmarkaða fyrir umhverfi og náttúru sem gæti skapað árekstra. Á síðari stigum, við leyfisveitingar, þarf að tryggja samtal milli hagsmunaaðila við frekari útfærslu nýtingar. Niðurstaða valkostagreiningar er að vinna áfram með valkost A við mótun strandsvæðisskipulagsins. Við frekari skipulagsvinnu og samráðsferli má gera ráð fyrir að valkosturinn taki einhverjum breytingum.

Fjörðurinn er þröngur og mikil nálægð er á milli staðbundinnar nýtingar og siglingaleiða. Á síðari stigum, við leyfisveitingar, þarf að tryggja samtal milli hagsmunaaðila sem muna fara um svæðið og nýta sér auðlindir þess. Við frekari útfærslu nýtingar þarf einnig að hafa mögulega ofanflóðahættu í huga.

## F. FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR


### Valkostir

Í Fáskrúðsfirði eru þrjú valkostir til skoðunar. Í öllum valkostum er nýtingarflokkur umhverfi og náttúra afmörkuð um friðlýst svæði við Skrúð, um Skeraleirur við Dalsá og friðlýst æðarvarp við Gunnarssker, Æðarsker og Andeyjar. Fyrir alla valkosti eru skilgreindir þrjú reitir fyrir staðbundna nýtingu auk þess sem afmörkuð er siglingaleið.

Í valkosti B eru reitir meðfram ströndinni við Sævarendaströnd og hverfisverndarsvæði við Sandfell í nýtingarflokki umhverfi og náttúra, sem og reitur meðfram ströndinni við Leirufell þar sem er friðlýst æðarvarp.

Í valkosti C er farin millileið og reitur meðfram ströndinni, í nýtingarflokki umhverfi og náttúra, fer ekki eins langt austur meðfram ströndinni.





Mynd 6 Afmörkun nýtingarflokka í valkostum A, B og C fyrir Fáskrúðsfjörð.

### Grunnástand

Fjörðurinn er nokkuð langur og þröngur og stendur samnefnt þéttbýli í botni hans. Siglingaleiðir eru inn fjörðinn að þéttbýlinu. Engar lagnir liggja um fjörðinn. Ofanflóðahætta er til staðar á nokkrum stöðum við fjörðinn og hefur verið unnið ofanflóðahættumat fyrir byggðina. Þrjú leyfi eru fyrir fiskeldi; Höfðahúsabót, Eyri/Fagraeyri og Einstigi. Hefðbundnar veiðar eru stundaðar í firðinum.

Eyjan Skróður er friðlýst vegna fuglalífs, Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að eyjan og nágrenni fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Í Andey er landselalátur og alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð. Skeraleirur við Dalsá innst í firðinum eru verndaðar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að klóþangsfjara við Sævarendaströnd fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Friðlýst æðarvarp er við Tungu, Eyri, Leirufell, Kolfreyjustað og Hvamm. Sandfell og nágrenni nýtur hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007 – 2027. Ferðaþjónusta á svæðinu tengist einkum menningu, sögu og gönguleiðum. Útivist er stunduð í firðinum og skilgreindar eru gönguleiðir í aðalskipulagi sem liggja niður hliðar og að fjöru.

## Valkostagreining

Hér fyrir neðan er lagt mat á áhrif valkosta A, B og C fyrir Fáskrúðsfjörð.

**Tafla 5.6** Valkostagreining – Fáskrúðsfjörður

	A	B	C
Auðlindir	Valkostur felur í sér óverulega breytingu frá núverandi ástandi.  Staðbundin nýting afmörkuð þar sem leyfi er til fiskeldis.	Valkostur felur í sér óverulega breytingu frá núverandi ástandi.  Staðbundin nýting afmörkuð þar sem leyfi er til fiskeldis.	Valkostur felur í sér óverulega breytingu frá núverandi ástandi.  Staðbundin nýting afmörkuð þar sem leyfi er til fiskeldis.
Atvinna	Valkostur styður við núverandi atvinnu þ.e. fiskveiðar, fiskeldi og ferðaþjónustu.	Valkostur styður við núverandi atvinnu þ.e. fiskveiðar, fiskeldi og ferðaþjónustu.  Mikil nálægð er milli nýtingarflokka sem huga þarf að við nánari útfærslu. Tryggja þarf aðkomu hagsmunaaðila.	Styður við núverandi atvinnulíf. Mikil nálægð er milli nýtingarflokka sem huga þarf að við nánari útfærslu.
Innviðir	Valkostur afmarkar reit fyrir siglingaleiðir og tryggir þannig aðkomu skipa.	Valkostur afmarkar reit fyrir siglingaleiðir og tryggir þannig aðkomu skipa.	Valkostur afmarkar reit fyrir siglingaleiðir og tryggir þannig aðkomu skipa.
Heilbrigði og öryggi	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi. Reitir eru afmarkaður fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi og friðlýstu æðarvarpi. Óveruleg til jákvæð áhrif á útivist og heilbrigði umhverfis.	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af vistgerðum sem hafa hátt verndargildi og friðlýstu æðarvarpi. Jákvæð áhrif á útivist og heilbrigði umhverfis.	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af vistgerðum sem hafa hátt verndargildi. Jákvæð áhrif á útivist og heilbrigði umhverfis.
Menningarminjar	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.
Strandsjór	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.  Jákvæð áhrif vegna nýtingarflokks umhverfi og náttúru.	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.  Stærri reitur er tekinn undir nýtingarflokkinn umhverfis og náttúra. Jákvæð áhrif vegna nýtingarflokks umhverfi og náttúru.	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.
Umhverfi og náttúra	Reitir eru afmarkaður fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæðum á landi og friðlýstu æðarvarpi. Jákvætt fyrir ásýnd svæðis og náttúrufar.	Fleiri reitir og stærri eru skilgreind fyrir vernd umhverfis og náttúru í tengslum við vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og friðlýst æðarvarp. Jákvætt fyrir ásýnd svæðis og náttúrufar. Nálægð við nýtingarflokk um staðbundna nýtingu kann að draga úr jákvæðum áhrifum.	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í í tengslum við vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og friðlýst æðarvarp. Millileið milli valkosta A og B. Jákvætt fyrir ásýnd svæðis og náttúrufar. Nálægð við nýtingarflokk um staðbundna nýtingu kann að draga úr jákvæðum áhrifum.

## Loftslag

---

Loftslagsbreytingar kunna að auka tíðni á ofanflóðum sem huga þarf að við nánari útfærslu á nýtingu og vernd. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.	Loftslagsbreytingar kunna að auka tíðni á ofanflóðum sem huga þarf að við nánari útfærslu á nýtingu og vernd. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.	Loftslagsbreytingar kunna að auka tíðni á ofanflóðum sem huga þarf að við nánari útfærslu á nýtingu og vernd. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.
--	--	--

---

## Niðurstaða

Helsti munur milli valkosta felst í mismunandi umfangi svæða sem skilgreind eru í nýtingarflokkinn umhverfi og náttúra, sem endurspeglast í jákvæðum áhrifum á strandsvæði, náttúrufar og ásýnd svæðis. Töluverð nálægð er milli nýtingarflokka í sviðsmynd B sem kann að hafa áhrif á hagsmunaaðila. Niðurstaða valkostagreiningar er að vinna áfram með valkost C við mótun strandsvæðisskipulagsins. Við frekari skipulagsvinnu og samráðsferli má gera ráð fyrir að valkosturinn taki einhverjum breytingum.

Fjörðurinn er þröngur og mikil nálægð er á milli reita í nýtingaflokkum um staðbundna nýtingu, umhverfi og náttúru og siglingar sem gæti skapað árekstra og kann að skapa óvissu. Á síðari stigum, við leyfisveitingar, þarf að tryggja samtal milli hagsmunaaðila við frekari útfærslu nýtingar.


Huga þarf a útfærslu nýtingar í samhengi við afmörkun verndarsvæða og áhrif á verndargildi þeirra. T.a.m. þarf að huga að sjónrænum áhrifum staðbundinnar nýtingar á gönguleiðum og útivistarsvæðum. Við frekari útfærslu nýtingar þarf að hafa mögulega ofanflóðahættu í huga.



## G. BREIÐDALSVÍK

### Valkostir

Á Breiðdalsvík eru tveir valkostir til skoðunar og munurinn felst í umfangi reita í nýtingarflokk umhverfi og náttúra. Í valkosti B er reitur meðfram Berufjarðarströnd skilgreindur í nýtingarflokkinn umhverfi og náttúra en í valkosti A eru auk þess reitir í nýtingarflokk umhverfi og náttúra þar sem mikilvægt fuglasvæði er við Breiðdalseyjar og við svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða.



Mynd 7 Afmörkun nýtingarflokka í valkostum A og B fyrir Breiðdalsvík.

### Grunnástand

Við víkina að norðanverðu stendur þéttbýlið Breiðdalsvík. Siglingaleið liggur að höfninni og eru það aðallega minni bátar sem fara inn að Breiðdalsvík. Hringvegur þverar lónið innanlega í víkinni og þar liggur einnig raforkustrengur. Hefðbundnar veiðar eru stundaðar úti fyrir mynni Breiðdalsvíkur en víkin sjálf er grunn.

Ferðaþjónusta er stunduð á svæðinu, m.a. kajakferðir, fuglaskoðun og sjóstangaveiði. Útivist er stunduð á svæðinu og eru skilgreindar gönguleiðir í Aðalskipulagi Breiðdalshrepps 2018 - 2030 sem liggja meðfram sjó.

Þrjú náttúruverndarsvæði eru afmörkuð á svæðinu. Hverfisvernd er innst í Breiðdalsvík þar sem er leirulón með miklu fuglalífi. Hverfisvernd er á Breiðdalseyjum þar sem er ríkulegt fuglalíf og þær eru einnig skilgreindar sem mikilvægar sjófuglabýggðir. Berufjarðarströnd er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði.

## Valkostagreining

Hér fyrir neðan er lagt mat á áhrif valkosta A og B fyrir Breiðdalsvík.

**Tafla 5.7 Valkostagreining – Breiðdalsvík**

	A	B
Auðlindir	Valkostur samræmist núverandi nýtingu og festir hana í sessi á stærra svæði.	Valkostur samræmist núverandi nýtingu.
Atvinna	Valkostur styður við núverandi atvinnu, sem felur helst í sér ferðaþjónustu og hefðbundnar veiðar, og festir hana betur í sessi.	Valkostur styður við núverandi atvinnu á svæðinu.
Innviðir	Valkostur afmarkar reit til siglinga og tryggir þannig aðkomu skipa.	Valkostur afmarkar reit til siglinga og tryggir þannig aðkomu skipa.
Heilbrigði og öryggi	Reitur er afmarkaður fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi. Valkostur styður við tækifæri til útivistar og stuðlar að heilbrigðu umhverfi.	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi. Valkostur styður við tækifæri til útivistar og stuðlar að heilbrigðu umhverfi.
Menningarminjar	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.
Strandsjór	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.
Umhverfi og náttúra	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru á mikilvægu fuglasvæði og svæði sem nýtur verndar vegna fjöruvistgerða. Jákvætt fyrir ásýnd svæðis, náttúrufar og fuglalíf.	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.
Loftslag	Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga kallar ekki á sérstaka aðgerðir. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.	Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga kallar ekki á sérstaka aðgerðir. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.


## Niðurstaða

Helsti munur milli valkosta er að í valkosti A er umfang reita í nýtingarflokknum umhverfi og náttúra meira sem hefur jákvæð áhrif á náttúrufar, ásýnd svæðis og festir núverandi notkun svæðis betur í sessi. Niðurstaða valkostagreiningar er að vinna áfram með valkost A við mótun strandsvæðisskipulagsins. Við frekari skipulagsvinnu og samráðsferli má gera ráð fyrir að valkosturinn taki einhverjum breytingum.

## H. BERUFJÖRÐUR

### Valkostir

Í Berufirði eru tveir valkostir til skoðunar. Í báðum valkostum eru siglingaleiðir afmarkaðar til Djúpavogs auk þess sem lagnir eru afmarkaðar sem þvera fjörðinn. Þá eru afmarkaðir fjórir reitir fyrir staðbundna nýtingu. Í báðum valkostum eru skilgreindir reitir í nýtingarflokk umhverfi og náttúra við Teigarhorn sem er friðlýstur fólkvangur, við Búlandsnes og á mikilvægu fuglasvæði á norðanverðri Berufjarðarströnd. Í valkosti A er skilgreindur reitur í nýtingarflokk umhverfi og náttúra í botni Berufjarðar vegna leira og fuglalífs. Í valkosti B er þessi reitur umfangsmeiri og nær til stórs hluta Berufjarðar og miðast við skilgreiningu á mikilvægu fuglasvæði.



Mynd 8 Afmörkun nýtingarflokka í valkostum A og B fyrir Berufjörð.

### Grunnástand

Berufjörður er nokkuð langur og þröngur fjörður. Þéttbýlið Djúpvogur stendur sunnan fjarðar á Búlandsnesi. Hefðbundnar veiðar og nytjar eru stundaðar á svæðinu. Töluvert er um veiðar inn allan fjörðinn með dragnót, línu, net og krók. Leyfi er til fiskeldis á fjórum stöðum í firðinum.

Siglingar eru inn að Djúpavogi þar sem eru tvær hafnir. Skemmtiferðaskip koma til hafnar eða liggja á akkeri á legusvæði fyrir utan Djúpavog. Útivist og ferðaþjónusta er stunduð víða um fjörðinn og öryggi siglingaleiða og akkerissvæða eru mikilvæg. Raforku- og fjarskiptastrengir þvera fjörðinn á fjórum stöðum. Hringvegurinn þverar fjörðinn innst í firðinum.

Teigarhorn og Blábjörg eru friðlýst náttúruvætti og fólkvangur. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að fjörur í botni Berufjarðar fari á B-hluta náttúruinjaskrár. Berufjarðarströnd sem og innri hluti Berufjarðar er mikilvægt fuglasvæði. Afmörkun fuglasvæðisins er sett fram til bráðabirgða hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Sellátur Landssels eru inni í Berufirði. Friðlýst æðarvarp er við Teiga og Framnes. Ekki liggur fyrir hvort menningarminjar séu innan skipulagssvæðisins en talsvert er um menningarminjar við ströndina, einkum við Teigarhorn og Djúpavog.

## Valkostagreining

Hér fyrir neðan er lagt mat á áhrif valkosta A og B fyrir Berufjörð.

**Tafla 5.8 Valkostagreining – Berufjörður**

	A	B
Auðlindir	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi. Staðbundin nýting afmörkuð þar sem leyfi er til fiskeldis.	Mikil nálægð er milli nýtingarflokka. Staðbundin nýting og reitir afmarkaðir fyrir umhverfi og náttúru liggja þétt saman og huga þarf að útfærslu þess.
Atvinna	Valkostur styður við núverandi atvinnustarfsemi, afmarkaðir eru reitir til staðbundinnar nýtingar og jafnframt afmarkaðir reitir til almennrar starfsemi eins og fiskveiða og ferðaþjónustu.	Í valkosti er mikil nálægð á milli reita fyrir staðbundna nýtingu og nýtingarflokks umhverfi og náttúra og huga þarf að samspili þeirra og hafa samráð við hagsmunaaðila við nánari útfærslu.
Innviðir	Valkostur afmarkar reit til siglinga og tryggir þannig aðkomu skipa að Djúpavogi.	Valkostur afmarkar reits til siglinga tryggir þannig aðkomu skipa að Djúpavogi.
Heilbrigði og öryggi	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi og um hluta af þeim mikilvægu fuglasvæðum sem eru í friðinum. Styður við útivist og heilbrigði umhverfis.	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi og um mikilvæg fuglasvæði sem eru í friðinum. Styður við útivist og heilbrigði umhverfis.  Sjónræn áhrif vegna nálægðar staðbundinnar nýtingar við umhverfi og náttúru kann að hafa neikvæð áhrif á upplifun útivistarfólks.
Menningarminjar	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.
Strandsjór	Valkostur er ekki líklegur til að breyta núverandi ástandi.	Stærri reitur er tekinn undir nýtingarflokk umhverfi og náttúra sem er líklegt til að hafa óveruleg til jákvæð áhrif á strandsjó.
Umhverfi og náttúra	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi og um hluta af þeim mikilvægu fuglasvæðum sem eru í friðinum, jákvætt fyrir ásýnd svæðis og náttúrufar.	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi og um mikilvæg fuglasvæði sem eru í friðinum. Jákvætt fyrir ásýnd svæðis, náttúrufar og fuglalíf. Nálægð er á milli nýtingarflokka og huga þarf að samráði við hagaðila.
Loftslag	Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga kallar ekki á sérstaka aðgerðir. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.	Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga kallar ekki á sérstaka aðgerðir. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.

## Niðurstaða

Helsti munur á milli valkosta er að reitir í nýtingarflokk umhverfi og náttúra eru umfangsmeiri í valkosti B. Í valkosti B er mikil nálægð milli nýtingarflokks umhverfi og náttúra og staðbundnar nýtingar vegna fiskeldis sem þegar er með leyfi, sem gæti skapað árekstra. Á síðari stigum, við leyfisveitingar, þarf að tryggja samtal milli hagsmunaaðila við frekari útfærslu nýtingar. Niðurstaða valkostagreiningar er að halda áfram með valkost A við mótun strandsvæðisskipulagsins. Við frekari


skipulagsvinnu og í samráðsferli má gera ráð fyrir að valkosturinn taki einhverjum breytingum.

Fjörðurinn er þröngur og mikil nálægð er á milli reita sem eru í nýtingaflokkum staðbundin nýting, umhverfi og náttúra, siglingar og lagnir. Við leyfisveitingar, þarf að tryggja samtal milli hagsmunaaðila við frekari útfærslu nýtingar. Einnig þarf að huga að útfærslu nýtingar í samhengi við afmörkun verndarsvæða og áhrif á verndargildi þeirra.

## I. HAMARSFJÖRÐUR

### Valkostir

Á svæðinu eru tveir valkostir til skoðunar. Í báðum valkostum eru skilgreindir reitir fyrir lagnir og siglingar ásamt reitum í nýtingarflokknum umhverfi og náttúra en það eru svæði sem njóta hverfisverndar eða hefur er á tillögu um B-hluta náttúruminjaskrár. Í valkosti B er Hamarsfjörður einnig skilgreindur í nýtingarflokkinn umhverfi og náttúra.



Mynd 9 Afmörkun nýtingarflokka í valkostum A og B fyrir Hamarsfjörð.

### Grunnástand

Svæðið er strjálbýlt, engin höfn er á svæðinu og engin staðbundin nýting. Strengir þvera Álftafjörð og Hamarsfjörð. Skipasiglingar liggja utan við firðina. Álftafjörður er á tillögu að B-hluta náttúruminjaskrár en þar eru víðáttumiklar leirur með einstæðum gróðri. Álftafjörður er mikilvægt fuglasvæði. Grunnsvævi, fjörur, eyjar og rif á milli suðausturhorns Melrakkness og Biskupshöfða eru á tillögu að B-hluta náttúruminjaskrár. Hverfisvernd er í Papey samkvæmt aðalskipulagi Djúpvogshrepps 2008 - 2020. Friðlýst æðavarp er við Hlauphóla.



## Valkostagreining


Hér fyrir neðan er lagt mat á áhrif valkosta A og B fyrir Hamarsfjörð.

**Tafla 5.9** Valkostagreining – Hamarsfjörður

	A	B
Auðlindir	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.
Atvinna	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi. Stærri reitur er tekinn undir nýtingarflokk umhverfi og náttúru.
Innviðir	Afmarkaður er reitur fyrir strengi og siglingar.	Afmarkaður er reitur fyrir strengi og siglingar.
Heilbrigði og öryggi	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi. Styður við útivist og heilbrigði umhverfis.	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi á stærra svæði. Styður við útivist og heilbrigði umhverfis.
Menningarminjar	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.	Upplýsingar liggja ekki fyrir. Óvissa um áhrif.
Strandsjór	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.	Óveruleg breyting frá núverandi ástandi.
Umhverfi og náttúra	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi. Valkostur styður við núverandi vernd á svæðinu. Jákvætt fyrir ásýnd svæðis, náttúrufar og fuglalíf.	Reitir eru afmarkaðir fyrir vernd umhverfis og náttúru í framhaldi af verndarsvæði á landi. Valkostur styður við núverandi vernd á svæðinu og festir hana í sess á stærra svæði. Jákvætt fyrir ásýnd svæðis, náttúrufar og fuglalíf.
Loftslag	Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga kallar ekki á sérstaka aðgerðir. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.	Náttúruvá vegna loftslagsbreytinga kallar ekki á sérstaka aðgerðir. Óverulegur munur er talinn á milli valkosta hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.

## Niðurstaða

Valkostir fela í sér litla breytingu frá núverandi ástandi hvað varðar nýtingu auðlinda og atvinnu. Í valkosti B er stærri reitur tekinn undir nýtingarflokk umhverfi og náttúra, en það sem þegar nýtur verndar, sem styður við náttúrufar og núverandi auðlindanýtingu. Niðurstaða valkostagreiningar er að vinna áfram með valkost A við mótun strandsvæðisskipulagsins. Við frekari skipulagsvinnu og samráðsferli má gera ráð fyrir að valkosturinn taki einhverjum breytingum.



Útgefandi: Skipulagsstofnun fyrir hönd svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum